



Stjórn málafræðideild

MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum

Íþróttir án landamæra

Hvernig hafa íþróttir verið notaðar af íslenskum þróunaraðilum og hvaða þættir þurfa að vera til staðar til að nýta íþróttir á árangursríkan hátt í þróunarsamvinnu?

Lárus Jónsson

Október 2009

Leiðbeinandi: Jo Tore Berg

Nemandi: Lárus Jónsson

Kennitala: 281178-4079

Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna með hvaða hætti íþróttir hafa verið nýttar í íslenskri þróunarsamvinnu og að skyggjast inn í reynsluheim þeirra aðila sem áður hafa nýtt íþróttir í íslenskri þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á íslenska þróunarsamvinnu og íþróttir í þessari ritgerð því ekki hefur verið gerð rannsókn á efninu áður og viðfangsefnið er nær óplægður akur hjá íslenskum þróunaraðilum. Ritgerðin byggir á víðum rannsóknargrundvelli og er lögð áhersla á opin og hálfstöðluðu viðtöl í rannsókninni. Ég fjalla um aðdráttarafl íþróttar og hvernig hægt er að nýta þær til jákvæðrar menntunar og þroska barna og unglunga. Ég set spurningarmerki við að einfalt samband sé á milli íþróttaiðkunar og jákvæðrar menntunar og þroska barna og unglunga. Ég skoða hugmyndir varðandi þróun í samhengi við íþróttarþróunarverkefni. Eins og margir fræðimenn held ég því fram að íþróttir geti haft jákvæð áhrif á þroska og menntun barna í þróunarlöndum við ákveðnar aðstæður. Með því að tengja fræðilega umfjöllun við reynslu og hugmyndir íslenskra aðila sem hafa nýtt íþróttir í þróunarsamvinnu stuðlar rannsókn þessi að skilningi á því hvaða þættir þurfa að vera til staðar við farsæla uppsetningu íþróttarþróunarverkefna.

Formáli

Þessi ritgerð markar lok tveggja ára meistaranáms í alþjóðasamskiptum á félagsvísindasviði stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands. Ritgerðin telst til vinnu einnar annar (30 ECTS). Leiðbeinandi við ritgerðarsmíðina var mannfræðingurinn og yfirmaður félagslegra verkefna hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Malaví, Jo Tore Berg.

Mig langar að nota tækifærið og þakka Jo Tore Berg fyrir góð ráð varðandi ritgerðina og einnig fyrir að kveikja áhuga minn á þróunarmálum í námskeiðinu kenningar í þróunarfræði við Háskóla Íslands. Sérstakar þakkir fær Eva Harðardóttir fyrir yfirlestur og ábendingar og er þessi ritgerð tileinkuð henni.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1. Inngangur	6
2. Íþróttir	11
3. Þróun	13
4. Leikið, lært og lifað	17
4.1. Íþróttir og nám	17
4.2. Íþróttir og þróunarverkefni	20
5. Íslensk þróunarsamvinna	23
5.1. Opinber þróunarsamvinna	23
5.2. Frjáls félagasamtök	24
5.3. Íslensk þróunarsamvinna og íþróttir	25
<i>Stöngin inn</i>	25
<i>Skák og mát í Namibíu</i>	26
<i>„Kraftaverkahjúkkur“</i>	27
<i>Byggðaðróun í Kalangala héraði</i>	28
Samantekt	28
6. Aðferðarfræði	30
6.1. Markmið rannsóknarinnar	31
6.2. Undirbúningur og þátttakendur	32
6.3. Gagnasöfnun	32
6.4. Skráning og úrvinnsla gagna	33
6.5. Vankantar	34
7. Niðurstöður	35
7.1. Upphaf, reynsla og árekstrar	35
7.2. Þátttaka og keppni	39
7.3. Nám, þroski og vinsældir	42
7.4. Umgjörð, einlægur áhugi og aðkoma heimamanna	45
8. Umræður	50
8.1. Íþróttir og þróunarsamvinna á Íslandi	50
8.2. Hvers vegna íþróttir?	53
8.3. Nauðsynlegir þættir	58
9. Lokaorð	63
Heimildir	66

1. Inngangur

Palestínskir hryðjuverkamenn rændu og drápu ellefu Ísraela á Ólympíuleikunum 1972 til að vekja athygli á afstöðu sinni gegn Ísrael. Þegar þeir voru spurðir hvers vegna þeir völdu íþróttaviðburð í Þýskalandi til að vekja athygli á málstað þeirra í Mið-Austurlöndum, svöruðu þeir: „Við gerum okkur grein fyrir að íþróttir eru trúarbrögð vesturlanda... þess vegna ákváðum við að nota helgustu athöfn þessara trúarbragða, Ólympíuleikana, til að ná athygli heimsbyggðarinnar“ (Houlihan, 1994, bls. 2).

Íþróttir eru vinsælasta skipulagða afþreyingin sem börn og unglingar taka þátt í (Larson og Verma, 1999) og geta stuðlað að jákvæðum þroska barna og unglinga (Larson, 2000). Uppeldisfræðingurinn og sérfræðingur í heimspeki menntunar og líkamlegri menntun¹ Richard Bailey (2005) telur að hægt sé að auka félagslega þátttöku og skapa félagsauð í gegnum almenningsíþróttir, sérstaklega með því að stuðla að menntun í gegnum íþróttir. Íþróttir og menntun tengjast meðal annars í gegnum skólaíþróttir og ætla mætti að einfaldasta leiðin og jafnframt sú árangursríkasta til að ná til barna og unglinga sé í gegnum menntakerfi og menntastefnur þróunarlanda.

Í þróunarlöndum² hefur það að jafnaði tíðkast að ungt fólk fari snemma út á vinnumarkaðinn til að vinna fyrir foreldrum sínum og systkinum. Með breyttri aldurssamsetningu þróunarlanda þar sem hlutur yngra fólks eykst og eldra fólks minnkar dregur úr þessari efnahags- og samfélagslegu ábyrgð ungs fólks og ákveðin tækifæri skapast fyrir ríkisstjórnir í viðkomandi löndum til að fjárfesta í mannauði ungs fólks og skapa þannig viðunandi sjálfbæra þróun (UNICEF, 2005).

¹ Physical education (PE) á enskri tungu mætti kalla skólaíþróttir á íslensku. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru skólaíþróttir: íþróttir – líkams- og heilsurækt (Menntamálaráðuneytið, 2006). Hér verða skólaíþróttir og líkamleg menntun notaðar yfir physical education en íþróttir yfir almenningsíþróttir og keppnisíþróttir.

² Samkvæmt Sameinu þjóðunum (2008) er almennt litið á Japan í Asíu, Kanada og Bandaríki í norður Ameríku, Ástralíu og Nýja Sjáland í Eyálfu og Evrópu sem „þróuð“ svæði. Samkvæmt alþjóðlegri viðskipta tölfræði er Suður Afríska tollabandalagið sagt vera þróað svæði og Ísrael þróað land. Lönd frá fyrrverandi Jugóslavíu eru þróunarlönd og Austur - Evrópulönd og fyrrverandi Lýðveldi Sovétríkjanna í Evrópu falla í hvorugan flokkinn.

Hagfræðingurinn Markus Loewe (2009) bendir á að þróunarlönd þurfi að bregðast við breyttri aldursamsetningu þjóðfélaga. Með bættu hreinlæti og lyfjum mun eldra fólki í þróunarlöndum fjölga með skarpari hætti heldur en hefur átt sér stað í þróuðum löndum. Loewe segir því að mikilvægt sé fyrir þróunarlönd að nýta sér hagstæða aldursamsetningu þjóðfélagsins þar sem mikill meirihluti er eða verður á vinnualdri³ á næstu 20 til 30 árum til að fjárfesta í mannauði ungs fólks og þá sérstaklega í gegnum menntun.

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna með hvaða hætti íþróttir hafa verið nýttar í íslenskri þróunarsamvinnu og að skyggjast inn í reynsluheim þeirra aðila sem áður hafa nýtt íþróttir í íslenskri þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á íslenska þróunarsamvinnu og íþróttir í þessari ritgerð því íþróttir og þróunarsamvinna er nær óplægður akur hjá íslenskum þróunaraðilum. Oftast nær hafa íþróttaverkefni íslenskra þróunarstofnanna verið hliðarverkefni annarra verkefna eða sprottið upp fyrir algjöra tilviljun (ÞSSÍ, 1991; ÞSSÍ, 1990; Benedikta Guðrún Svavarsdóttir og Guðbjörg Bergmundsdóttir, 2009a).

Rannsóknarspurningarnar eru tvær: *Hvernig hafa íþróttir verið notaðar í þróunarverkefnum af íslenskum aðilum? Af hverju ætti að nota íþróttir í þróunarsamvinnu og hvaða þættir þurfa að vera til staðar til að hægt sé að nýta íþróttir á uppbyggilegan hátt í þróunarsamvinnu?* Leitast verður við að svara þessum spurningum með áherslu á nám og þroska barna og unglunga.

Rannsóknin fór þannig fram að tekin voru viðtöl við aðila sem höfðu reynslu af því að nýta íþróttir í íslenskri þróunarsamvinnu. Haft var samband við umdæmisstjóra og yfirmenn félagslegra verkefna í löndum þar sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) starfar. Auk þess var farið yfir öll fréttabréf frá ÞSSÍ og íslenskum og erlendum upplýsingum um íþróttir og þróunarsamvinnu safnað saman. Gögnum var safnað saman á margvíslegan hátt til að öðlast sem viðtækastan skilning á efninu. Ritgerðin er byggð upp á eftirfarandi máta:

³ Fólki á aldursbilinu 15-60 ára.

Kaflí 2: Íþróttir

Í öðrum kafla ritgerðarinnar er fjallað almennt um íþróttir og hvernig hugmyndin um tilgang íþróttanna hefur þróast í gegnum söguna. Nú á tímum tengjast íþróttir og forvarnir sterkum böndum. Því er haldið fram að það sé hluti af mannréttindum barna og unglínga að stunda íþróttir og leiki og íþróttir eru skilgreindar og settar í þróunarlegt samhengi.

Kaflí 3: Þróun

Saga þróunar er lauslega rakin í kafla þrjú. Þar kemur í ljós að hugtakið þróun hefur tengst hagfræði í gegnum söguna en hefur verið sett í víðara samhengi upp á síðkastið þar sem margskonar félagslegir þættir tengjast hugtakinu. Í stuttu máli fjallar kaflinn um að þróun sé ferli í stöðugri endurmótun og að efnahagslegir þættir séu ekki eini mælikvarðinn á þróun þrátt fyrir að lágmarks lífsskilyrði, að hafa í sig og á, séu forsendur þróunar.

Kaflí 4: Leikið, lært og lífað

Titill kaflans, leikið lært og lífað, vísar til mikilvægi íþróttanna (leikið) í námi (lært) og þroska (lífað) barna og unglínga. Hugtökin börn og unglíngar eru útskýrð í tengslum við íþróttir og fjallað verður almennt um jákvæð áhrif íþróttanna á ýmsa félags-, þroska- og námsþætti barna og unglínga (4.1). Tvö íþróttapróunarverkefni verða tekin sem dæmi um hvernig hægt er að nota íþróttir til að stuðla að jákvæðum þroska og námi barna og unglínga (4.2).

Kaflí 5: Íslensk þróunarsamvinna

Fjallað verður stuttlega um helstu strauma og stefnur í íslenskri þróunarsamvinnu (5.1). Sagt er frá eðli frjálsra félagasamtaka og hvernig þau tengjast sjálfböðastarfi á Íslandi (5.2). Sagt verður frá fyrstu skrefum í íþróttapróunarsamvinnu Íslendinga þar sem handbolti skipaði töluverðan sess. Íslensku þróunarverkefnin sem viðmælendur rannsóknarinnar tengjast verða kynnt til sögunnar. Verkefnin eru skákverkefni í Namibíu, íþróttafélagið Kraftaverkin í Malaví og byggðapróunarverkefni í Kalangala

héraði í Úganda. Verkefnið eru jafn misjöfn eins og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að nýta íþróttir í þróunarsamvinnu (5.2).

Kafla 6: Aðferðarfræði

Markmið rannsóknarinnar eru sett fram og útskýrt hvers vegna eigindleg aðferðarfræði varð fyrir valinu í þessari rannsókn (6.1). Þátttakendur rannsóknarinnar eru tilteknir ásamt því að lýsa undirbúningi (6.2). Gagnasöfnun úr mismunandi fræðagreinum er lýst og sagt frá því að stuðst var við opin og hálf stöðluðu viðtöl í rannsókninni (6.3). Sagt er frá skráningu og úrvinnslu gagna (6.4) og loka kafla aðferðarfræðinnar fjallar um vankanta rannsóknarinnar (6.5).

Kafla 7: Niðurstöður

Fjallað verður um helstu niðurstöður og þemu rannsóknarinnar. Kaflinn skiptist í fjóra hluta sem kalla mætti megin þemu rannsóknarinnar. Fyrsti kaflinn fjallar um upphaf verkefnanna og reynslu viðmælenda af þróunarsamvinnu og því að nýta íþróttir. Einnig er komið inn á samskipti viðmælenda við heimafólk (7.1). Annað þema rannsóknarinnar fjallar um mikilvægi þátttöku og afstöðu viðmælenda til þess að nýta keppni í þróunarverkefnum (7.2). Þriðji hluti niðurstöðna fjallar um áhrif og mikilvæga íþróttir á nám og þroska barna og unglunga. Einnig er fjallað um aðdráttarafl íþróttir (7.3). Loka þema niðurstöðna fjallar um mikilvæga þætti sem þurfa að vera til staðar til að íþróttarþróunarverkefni beri tilætlaðan árangur að mati viðmælenda (7.4).

Kafla 8: Umræður

Í þessum kafla eru niðurstöður tengdar við fræðilegan inngang. Alþjóðlegar áherslur í þróunarmálum eru tengdar við íslenska strauma í þróunarsamvinnu. Sagt er frá því hvernig íþróttir hafa verið nýttar af íslenskum aðilum í þróunarsamvinnu en tilviljunarkennt upphaf virðist einkenna sum verkefni (8.1). Spurt er hvers vegna nýta eigi íþróttir í þróunarsamvinnu. Íslenskir aðilar sem hafa reynslu af íþróttum og þróunarmálum benda á að íþróttir séu einfalt, ódýrt og árangursríkt tæki sem getur

meðal annars stuðlað að námi og þroska barna og unglunga (8.2). Skoðað er hvaða þættir þurfa að vera til staðar svo að hægt sé að setja upp farsæl íþróttapróunarverkefni. Þátttaka barna og unglunga og aðkoma heimamanna skiptir máli ásamt reynslu stjórnenda verkefnanna. Keppni var einn af þáttunum sem allir viðmælendur töldu að ætti að vera hluti af íþróttapróunarverkefnum (8.3).

2. Íþróttir

„Sport is part of every man and woman's heritage and its absence can never be compensated for“.

(Pierre de Coubertin faðir nútíma ólympíuleika. Evrópuráðið, 2007)

Íþróttir hafa verið stundaðar víða í heiminum frá fornu fari. Til að mynda kemur fram í grein Gísla Sigurðssonar (2001) að á Íslandi til forna voru stundaðir knattleikir af miklu kappi og eru dæmi um slíkar frásagnir að finna í Eglu og Gísla sögu. Íþróttalegur líkami og fimlegir limaburðir þóttu að auki mannsæmandi kostir. Í Grikklandi til forna þóttu íþróttir og líkamleg hreyfing heilsubætandi sérstaklega hjá forrættindastéttum sem stunduðu meðal annars fimleika (Golden, 1998).

Í vestur Evrópu á 18. og 19. öldinni voru íþróttir stundaðar sem heilsubót (Nielsen, 2005). Hugmyndin um að íþróttaiðkun hafi ekki einungis áhrif á heilsu einstaklinga heldur einnig víðtæk samfélagsleg áhrif má rekja til miðrar 19. aldar á Englandi. Umbótasinnar sem huguðu að menntun og velferð samborgara sinna þróuðu þá hugmynd að þátttaka í íþróttum, undir viðeigandi stjórn, gæti þroskað skapgerð, aukið vinnusemi, bætt liðssamvinnu og heiðarleika þátttakenda. Allt voru þetta félagslega viðurkennd skapgerðareinkenni á þeim tíma. Íþróttir urðu viðurkenndar sem hluti af menntun á vistunar heimilum fyrir unglunga hjá æskulýðsfélögum á borð við YMCA á svipuðum tíma. Hugmyndir um víðtæk mannbætandi áhrif íþróttaiðkunar breiddust því fljótlega út til annarra vestrænna landa (Bale og Cronin, 2003). Tengsl íþróttar og forvarna eru af sama meiði. Íslenskt dæmi um forvarnir og íþróttir eru fyrirmyndarfélag Íþróttasambands Íslands þar sem íþróttafélög þurfa meðal annars að marka sér stefnu í forvarnar- og fræðslumálum til að hljóta viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag (Íþróttasamband

Íslands, e.d.).

Samkvæmt kafla Menningarmálastofnun SP (1978) um líkamspjálfun og íþróttir er það talið til „grundvallar réttinda“ (e. fundamental rights) að taka þátt í líkamspjálfun og íþróttum. Réttur barna og unglunga til þroska og menntunnar var skjalfestur samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (1948) og réttur barna áréttaður á Barnaréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (Barnasáttmáli SP, 1989). Í sáttmálanum er sérstaklega minnst á íþróttir, hreyfingu og leik sem hluta af mannréttindum barna sem ítrekar mikilvægi þess að börn og unglingar hafi rétt á að taka þátt í íþróttum og líkamlegri hreyfingu.

Árið 2003 skilgreindi nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna íþróttir í þróunarlegu samhengi sem „...allar tegundir líkamlegrar hreyfingar sem hafa áhrif á líkamlegt atgervi, andlega vellíðan og félagslega þátttöku, eins og leikir, tómstundir, skipulagðar- eða keppnisíþróttir og upprunalegar íþróttir og leikir.“ (Sameinuðu þjóðirnar, 2003, bls. 2). Áþekka skilgreiningu er að finna í Evrópska íþróttakaflanum frá árinu 2001 en þar segir að íþróttir séu allar tegundir líkamlegrar hreyfingar sem hafi það að markmiði að tjá og bæta líkamlegt atgervi og andlega líðan, skapa sambönd eða ná fram úrslitum í keppnum (Evrópuráðið, 2001). Báðar skilgreiningarnar eru mjög almennar og innihalda allar tegundir af æfingum, íþróttum og hreyfingu. Í þessari ritgerð verður lögð megin áhersla á skipulagða ástundun íþróttar.

Eftir að Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru sett fram kom fljótlega upp sú hugmynd að hægt væri að nota íþróttir sem leið til að nálgast markmiðin. Til að mynda var árið 2005 alþjóðlegt ár íþróttar og líkamlegrar hreyfingar hjá SP (Van Eekeren, 2006). Á síðasta áratug hafa íþróttir því æ oftast verið tengdar við þróunarmarkmið en hugmyndin um þróun og þróunarsamvinnu á sér hins vegar lengri sögu.

3. Þróun

Í lok nýlendum tímans kom í ljós að nýlendu herrarnir skildu við nýlendurnar á misgóðan hátt. Sjálfstæði eitt og sér tryggði ekki afkomu og vöxt gömlu nýlendanna. Ríkin þurftu á hjálp að halda til að byggja upp innviði samfélagsins. Upphaf þróunarsamvinnu hefur því verið tengt við lok nýlendustefnunnar þar sem áhersla var lögð á að búa nýlendum undir sjálfstæði (Peet og Hartwick, 1999) en fyrstu þróunarkenningarnar hafa verið raktar til hugmynda Marx og Engels (Leys, 2005).

Þróun hefur því óneitanlega tengst hagfræði í gegnum söguna (Peet og Hartwick, 1999) en segja má að bandaríski forsetinn Harry Truman (1949) hafi sett þróun fram sem ákjósanlegt alþjólegt markmið í setningarræðu árið 1949 þegar hann bað samlanda sína um að taka þátt í djörfu verkefni svo að afrakstur vísindalegra uppgötvanna og iðnaðarlegra framfara yrði aðgengilegur til framfara vanþróaðra svæða. Þróun skapaði þannig hugmyndina um vanþróun og heiminum var skipt í „þróuð svæði“, „þróunarsvæði“ og „vanþróuð svæði“. Þriðji heimurinn var skapaður á þessari stundu þar sem allt í einu voru meira en tveir milljarðar manna vanþróaðir (Esteva, 1992).

Áður en lengra er haldið er rétt að fjalla lítillega um hugtakanotkun í þróunarfræðum. Heiminum hefur verið skipt upp í svæði eftir því hversu „þróuð“ þau eiga að heita. Dæmi um hugtök sem eiga að lýsa lifnaðarháttum fólks eru „fyrsti heimurinn“ „þriðji heimurinn“, „kjarni“, „jaðar“ „þróuð“, „vanþróuð“, „hefðbundin“, „nú tímaleg“ og „norður - suður“. Þessi hugtök urðu tungutöm í þróunarfræðum á sjötta til níunda áratug síðustu aldar en gefa ekki heildstæða mynd af því hvernig heimurinn er byggður upp því það eru „þriðjaheimssvæði“ í „fyrsta heiminum“ og öfugt. Hversdagslíf ákveðinnar stéttar Suður Ameríkubúa í Los Angeles svipar til dæmis til lífs samlanda þeirra í „þriðjaheiminum“ í Mexíkó (David, 1990). Duncan og Ley (1994) hafa enn frekar bent á að hugmyndin um vestrið og suðrið snúist ekki endilega um landfræðilega legu heldur sé frekar spurning um

efnahag og valdatengsl sem eru byggð á efnislegum þáttum og ákveðinni orðræðu. Á þessum tilbúnu „vestrænu“ svæðum fer megnið af umfjöllun um þróun og „þriðja heiminn“ fram. Escobar og Alvarez (1992) halda því fram að þriðja heims veruleikinn sé settur fram með mikilli nákvæmni af hagfræðingum, næringarfræðingum og öðrum sérfræðingum sem geri fólki erfitt að skilgreina sig á sinn eigin hátt. Payne (2005) tekur í sama streng og segir að heiminum sé skipt upp í svæði eftir valdatengslum. Dæmi um slíkt er asískur efnahagur þar sem sum svæði voru að þróast á meðan önnur voru í kreppu. Lönd í Suður Ameríku misstu af heilum áratug í þróun, Rússland og Austur Evrópa eru í millibilsástandi á milli áætlunarbúskaps og markaðsbúskaps, Miðausturlönd eru í sífelldum átökum og Afríku sem heimsálfu hefur verið ýtt út á jaðarinn. Vestrið var aftur á móti í góðum málum þar sem það blómstraði og þróaðist meira en önnur svæði (Payne, 2005). Hvað sem við kjósum að kalla hlutina þá er sambandið milli fátæktar og ójafnaðar mjög flókið en staðreyndin er sú að mörg svæði í heiminum eru mjög fátæk.

Bandaríski hagfræðingurinn W.W. Rostow (1960) skrifaði bókina *Stages of Economic Growth: A Non-Communist Manifesto* og eins og nafnið gefur til kynna var hún skrifuð sem svar við kenningum Marx og Engels um þróun samfélaga. Rostow telur að veita þurfi samfélögum ákveðinn grunnpakka og þá fyrst eiga þau möguleika á að ná flugtaki í þróun. Rostow skiptir samfélögum niður í fimm hópa og í hans huga er þróun línulegt ferli. Samfélögum er skipt í hefðbundin þar sem framleiðslugeta er lítil, áhersla er lögð á landbúnað og fólk trúir ekki á framfarir og breytingar. Forsendur fyrir því að hefðbundin samfélög nái flugtaki eru breytingar á stjórnarferli og trú fólks á þróun. Rostow nefnir fornmiðaldir sem dæmi um tíma þegar fólk trúði ekki á þróun því þá urðu börn bænda yfirleitt bændur líka. Þegar samfélög ná flugtaki eykst framleiðslugeta í hröðum skrefum, hagvöxtur eykst og tæknilegar nýjungar koma fram. Samfélög þurfa í kjölfarið að ná ákveðnum þroska og finna sér stað í heimshagkerfinu, þetta ferli tekur um það bil 60 ár. Lokastigið er svo tímabil fjöldaneyslu þar sem framleiðsla breytist í neysluvörur og þjónustu þar sem mikill meirihluti íbúa samfélagsins hefur efni á að kaupa umfram frumþarfir (Rostow, 1960).

Alþjóðabankinn og Alþjóða gjaldeyrisráðið hafa metið þróunarstig landa eftir vergri landsframleiðslu og vergri þjóðarframleiðslu⁴ og byggist það mat á landbúnaði, iðnaði og/eða þjónustugreinum. Löndin sem byggja mest á þjónustu þykja mest þróuð samkvæmt þróunarstigum Rostow (1960). Þróunarhagfræðingurinn Bert Hoselitz (1960) segir aftur á móti að hagvöxtur sé ekki nægilegur mælikvarði á þróun heldur skipti áhrif hagvaxtar á lífsafkomu meira máli. Hoselitz telur að menningarlegar breytingar séu forsenda þróunar og að þróun þýði í rauninni betri nýting á auðlindum og vinnuafla.

Í yfirlýsingu um rétt til þróunar sem sett var fram af SP árið 1986 er þróun sett í víðara samhengi: „...[Þ]róun er yfirgripsmikið efnahagslegt, félagslegt, menningarlegt og pólitískt ferli sem stefnir að stöðugri bætingu á lífsafkomu mannkyns og allra einstaklinga og byggir á virkri, óþvingaðri og marktækri þátttöku í þróun og sanngjarni dreifingu á gæðum í framhaldinu“ (Sameinuðu þjóðirnar, 1986, bls. vantar). Þróunarmálastofnun SP hefur mælt þróun á nákvæmari hátt með svokölluðum þróunarskala (HDI) sem mælir lífsgæði og byggir á þremur atriðum: Lífslíkum við fæðingu. Þekkingu, þar sem lestrarkunnátta fullorðinna mælir 2/3 og skólaganga barna og unglunga 1/3. Lífnaðarháttum sem eru mældir út frá þjóðarframleiðslu á mann og kaupmætti í bandarískum dollara (Þróunarmálastofnun SP, 2008a).

Munurinn á því að mæla þróun landa eftir þjóðarframleiðslu og *HDI* er sá að þjóðarframleiðsla gefur einungis meðaltals þjóðartekjur en segir ekkert til um hvernig tekjunum er varið. Sem dæmi má nefna að land með mjög háa þjóðarframleiðslu á mann eins og Óman en með frekar lágt menntahlutfall getur skorað lægra á *HDI* en Úrúgvæ sem er með tæplega 60% af þjóðartekjum Óman (Þróunarmálastofnun SP, 2008b). Þróunarskalinn er meðal annars byggður á hugmyndum pakistanska hagfræðingsins Mahbub ul Haq og nóbelsverðlaunahafans í hagfræði Amartya Sen (Þróunarmálastofnun SP, 2008c, bls. vantar) en hann segir:

⁴ Verg landsframleiðsla er verðmæti allra vara og allrar þjónustu sem framleidd er í landinu á ári en verg þjóðarframleiðsla er verðmæti allra vara og allrar þjónustu sem Íslendingar (eða almennt, sú þjóð sem til skoðunar er hverju sinni) framleiðir á einu ári (Gylfi Magnússon, 2004).

„Þróun mannfólksins byggir á grundvallarhugmynd varðandi þróun sem byggir á því að auka lífsgæði frekar heldur en að auka hagvöxt þar sem fólk býr því hagvöxtur er aðeins hluti af lífsgæðum fólks.“ Samkvæmt HDI (Þróunarmálastofnun SP, 2008d) er Ísland „þróaðasta“ land í heimi. Félagssfræðingurinn Stefán Ólafsson (2006) hefur hins vegar sýnt fram á með Gini - stuðlinum⁵ að ójöfnuður jókst mikið á Íslandi á tímabilinu 1993 til 2005 þar sem aukning ójafnaðar hjá fjölskyldufólki var 71,4 prósent sem er afar mikið miðað við hjá öðrum þjóðum á sama tíma. Því má deila um hvort hægt sé að kalla Ísland þróaðasta land í heimi því þróun mannsins snýst um svo margbreytilega þætti eins og Mahbub ul Haq faðir *Human Development Report* segir:

Megintilgangur þróunar er að auka valkosti fólks. Þessir valkostir geta verið óendanlegir og breytilegir eftir stað og stund. Fólk metur oft árangur sem sést ekki, eða ekki í fljótu bragði, á tekju eða vaxtar tölum: betri aðgangur að þekkingu, betri næringu og heilbrigðiskerfi, öruggara umhverfi, öryggi gagnvart glæpum og líkamlegu ofbeldi, viðunandi frítíma, pólitískt og menningarlegt frelsi og að vera þátttakandi í samfélagslegum viðburðum. Hlutverk þróunar er að skapa og veita umhverfi fyrir fólk til að njóta löngu, heilsusamlegu og skapandi lífi.“ (Þróunarmálastofnun SP, 2008e, bls. vantar).

Í þessari stuttu yfirferð um þróunarfræði virðist mikilvægast að gera sér grein fyrir því að ekkert land nær þeirri stöðu að vera „full þróað“. Eins og segir í yfirlýsingu Sameinu þjóðanna (1986) þá er þróun ferli í stöðugri endurnýjun. Þróun byggist á að veita fólki og þá sérstaklega börnum og unglingum aukið val sem felst í frelsi þeirra til að læra og þroskast í gegnum leik og starf (Þróunarmálastofnun SP, 2008e). Íþróttir gegna mikilvægu hlutverki sem hluti af lífi og mannréttindum barna og unglinga (Barnasáttmáli SP, 1989) og ættu því vera grunnur af allri þróunarsamvinnu sem stuðlar að þroska og námi barna og unglinga.

⁵ Algengasti mælikvarðinn á jöfnuð eða ójöfnuð tekna er Gini-stuðulinn. Hann dregur saman í eina tölu umfang ójafnaðar í tekjusteptingu þjóðar. Gini tekjustuðulinn hefur verið notaður til að mæla jöfnuð og/eða ójöfnuð þjóðfélagsstekna þar sem landsframléiðsla á mann gefur einungis upp meðaltal kaupmáttar í viðkomandi landi. Lægri stuðull bendir til þess að lítill munur sé á tekjudreifingu innan þjóðfélaga (Stefán Ólafsson, 2006).

4. Leikið, lært og lifað

4.1. Íþróttir og nám

Samkvæmt *Canadian Public Opinion Survey on Youth and Sport* (2002) og grein Bailey's (2005) um íþróttir, unglunga og félagslega þátttöku má skipta jákvæðum áhrifum íþróttanna á þroska barna og unglunga niður í fjóra flokka:

- a. Félagsleg þátttaka og samfélagsleg uppbygging
- b. Samfélagslegt öryggi
- c. Menntun
- d. Skapgerðareinkenni

Varast ber að taka flokkana of bókstaflega því flokkunin er sett upp til einföldunar og flokkarnir skarast nokkuð. Eins og áður sagði verður lögð megin áhersla á nám og þroska barna og unglunga fyrir tilstuðlan íþróttanna í þessari ritgerð. Ástæðan fyrir því að fjallað verður að mestu leyti um menntun og þroska barna og unglunga í gegnum íþróttaiðkun er sú að menntun getur meðal annars haft jákvæð áhrif á félagslegt öryggi, skapgerðareinkenni og félagslega þátttöku (Bailey, 2006).

Þar sem sérstök áhersla er lögð á börn og unglunga í þessari ritgerð er þörf á að skilgreina hugtökin nánar. Barndómur er lagalegt hugtak og lögin eru breytileg eftir löndum en samkvæmt fyrstu grein Barnasáttmála SP (1989) eru börn allar manneskjur undir 18 ára aldri nema lög í viðkomandi landi segi annað. Unglingsárin eru tímabil þar sem manneskja hættir að vera barn og mótast í fullorðinn einstakling. Gróflega er hægt að skipta unglingsárunum niður í þrjú aldursbil; fyrri (11 til 14 ára), mið (15 til 18 ára) og síðari (18 til 21 árs) (Steinberg, 1993). Samkvæmt skilgreiningu SP er unglingur manneskja á aldrinum 15 til 24 ára sem gerir það að verkum að margir sem hafa náð 18 ára aldri teljast bæði vera fullorðnir og unglingar

(Sameinuðu þjóðirnar, 2009). Hugtökin börn og unglingar skarast þó nokkuð í þessari ritgerð. Í þeim heimildum sem notast var við er lögð mismunandi áhersla á aldur unglunga og barna og hugtökin oft notuð án þess að greint sé á milli þeirra. Þegar litið er til rannsókna á íþróttum barna og unglunga hvort heldur það eru vestrænar rannsóknir eða rannsóknir í þróunarlöndum er ljóst að börn og unglingar mynda hóp sem er skilgreindur á margvíslegan máta. Ef nýta á íþróttir til að stuðla að námi og þroska barna og unglunga er því nauðsynlegt að styðjast við mismunandi nálganir og markmið eftir því hvaða aldurshóp miðað er við (Bailey, 2006; Sugden, 2006).

Jákvæð áhrif íþróttá á nám og þroska barna og unglunga eru margskonar. Einfaldasta tengingin milli íþróttá og menntunnar er að krakkar læra líkamsbeitingu við stundun íþróttá sem gerir þeim kleift að lifa virku lífi (Seefeldt og Ewing, 2002). Líkamsbeiting er hins vegar ekki það eina sem börn og unglingar geta lært með því að stunda íþróttir. Íþróttir geta meðal annars auðveldað börnum og unglingum nám, stuðlað að bættri skóla ástundun og komið í veg fyrir brottfall (Hedstrom og Gould, 2004). Í gegnum íþróttir fá börn að auki tækifæri til að kynnst keppni í öruggu umhverfi og þroska með sér félagslega hæfni og lífsleikni sem nýtist þeim til frambúðar (Conference Board of Canada, 2005). *Living for Sport* er dæmi um verkefni innan skóla í Bretlandi þar sem skipulögðum æfingum í íþróttum var meðal annars beitt til að þroska sjálfsaga, sjálfsöryggi, og sjálfsmeðvitund nemenda (Cabos Report, 2006). Verkefnið var einfalt og ódýrt í uppsetningu þar sem tæki og upplýsingar til íþróttakennslu voru gerð aðgengileg fyrir kennara með aukinni þátttöku nemenda í íþróttum og bættu hegðun að leiðarljósi. Í ljós kom að *Living for Sport* verkefnið jók mætingu og stundvísi nemenda, dró úr eftirsetu, bætti samskipti nemenda og kennara og hegðun nemenda batnaði (Cabos Report, 2006).

Vegna menntunarlegra eiginleika íþróttá ættu börn og unglingar að hafa öruggt aðgengi að íþróttum í skólum. Engu að síður hefur vægi skólaíþróttá á alþjóðavísu minnkað á síðastliðnum árum (Bailey og Dismore, 2004). Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að skólaíþróttir hafa mikilvægu hlutverki að gegna í menntun og þroska barna og unglunga. Jákvæð tengsl hafa meðal annars fundist milli

skólaíþróttar, betri lífsstíls og bætt líkams-, tilfinninga- og félagsþroska (Bailey og Dismore, 2004; Seefeldt og Ewing, 2002). Sýnt hefur verið fram á að skólaíþróttir hafi jákvæð áhrif á félagsleg tengsl, bæti líðan nemenda innan skóla og dragi úr áhættuhegðun (Andrews og Andrews 2003; Burnett, 2001; Cameron og MacDougall 2000; Sandford, Armour og Warmington, 2006). Samband skólaíþróttar og menntunar er margslungið og varast ber því að einfalda jákvæð áhrif íþróttar á nám og þroska barna. Bailey og Dismore (2004) leggja til dæmis áherslu á að framkoma og samband kennara og nemenda hafi afgerandi áhrif á það hvort að börn og unglingar upplifi íþróttir á jákvæðan hátt. Ef skólaíþróttir eiga að stuðla að jákvæðum félagslegum breytingum á hegðun og gildum barna og unglunga skiptir ástundun og ákafi nemenda einnig miklu máli. Því má segja að sömu lögmál gildi varðandi þjálfun líkamans og þjálfun félagslegra og andlegra þátta svo sem nám og þroska (Corbin, Pangrazi og Welk, 1994).

Coalter (2005) heldur því fram að ekki sé hægt að segja til um bein tengsl milli íþróttaiðkunar og bættis námsárangurs því utanaðkomandi breytur hafi ávallt áhrif þegar samband íþróttar og námsárangurs er skoðað. Bailey (2006) tekur að einhverju leyti undir með Coalter og segir að íþróttir geti leitt til aukins vitsmunarþroska undir réttum kringumstæðum. Þrátt fyrir að erfitt sé að benda á bein tengsl milli íþróttaiðkunar og námsárangurs er hægt að tengja bættan námsárangur við þátttöku barna og unglunga í íþróttum ef íþróttakennslan er hluti af víðtækari menntun og langtíma áætlunum (Patriksson, 1995). Íþróttir eins og flest annað geta haft jákvæðar og neikvæðar hliðar. Deila má um hvers konar áhrif íþróttir hafa en frekari áherslu ber að leggja á umhverfi og við hvers konar aðstæður íþróttir hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglunga.

4.2 Íþróttir og þróunarverkefni

„We can reach far more people through sport than we can through political or educational programmes. In that way, sport is more powerful than politics. We have only just started to use its potential to build up this country. We must continue to do so“

(Nelson Mandela ræðir við knattspyrnumanninn Lucas Radebe; vitnað í Bailey, 2008, bls. 85).

Hugmynd Nelson Mandela um gagnsemi íþróttanna til að ná til fólks rímar við hugmyndir fræðimanna um að hægt sé að nota vinsældir íþróttanna til að hafa jákvæð áhrif á þroska og menntun barna og unglunga sem skilar sér síðan í ríkara samfélagi (Bailey, 2005; Keim, 2006). Keim (2006) telur að nýta þurfi vinsældir íþróttanna með markvissari hætti. Hann talar meðal annars um að nota stórviðburði í íþróttum til að ná fram jákvæðum samfélagslegum breytingum. Til marks um gífurlegar vinsældir íþróttanna má nefna að ellefu þúsund íþróttamenn frá 199 löndum tóku þátt í Ólympíuleikunum í Sydney í Ástralíu árið 2002 og er áætlað að 3,7 milljarðar einstaklinga í 220 löndum hafi horft á leikana í samtals 36 milljarða klukkustunda (Keys, 2002).

Séu niðurstöður ólíkra rannsókna dregnar saman eiga árangursrík íþróttaverkefni sér ákveðna sameiginlega þætti. Leggja skal áherslu á félagsleg samskipti (Shields og Bredemeier 1995) og menntun (Sandford o.fl. 2006). Mikilvægt er að börn og unglingar fái að taka þátt í ákvarðanaferlinu (Andrews og Andrews, 2003; Voyle 1989) og að reyndir og áhugasamir leiðtogar, sem helst eru heimafólk, stjórnir verkefninu (Martinek og Hellison, 1997; Frisby, Craford og Dorer, 1997). Bailey (2008) segir það hins vegar ekki skipta öllu máli hver stjórnir íþróttaverkefnunum heldur skipti meira máli að setja fram skýra aðgerðaáætlun sem segi til um markmið, valddreifingu og hlutverkaskiptingu innan verkefnisins svo að börn, unglingar og fullorðnir geti unnið saman á jafnréttisgrundvelli. Ef slík áætlun er ekki til staðar gæti ungu fólki fundist það afskiptalaust og jafnvel hætt íþróttaiðkun (Bailey, 2008).

Physically Active Youth (PAY) er dæmi um árangursríkt þróunarverkefni þar

sem íþróttir nýttust afar vel. Í verkefninu voru íþróttir notaðar til að stuðla að menntun og þroska barna og unglunga í Namibíu. Verkefnið hófst árið 2003 og er ennþá virkt. Aðalmarkmið þess er að auka fjölda nemenda sem standast samræmd próf í 10. bekk. Unglingar í Namibíu sem ekki standast samræmd próf eiga ekki möguleika á framhaldsnámi, eiga oft erfitt uppdráttar í samfélaginu, leiðast frekar út í vímuefnanotkun og eiga frekar á hættu að smitast af alnæmi (Cabos Report, 2006). Unglingum í Namibíu var því boðið að taka þátt í margskonar íþróttum samhliða námi með það að markmiði að auka fjölbreytni í kennslu og til að gera námið eftirsóknarverðara. Verkefnið hefur hingað til borið tilætlaðan árangur þar sem fjöldi nemenda sem standast samræmd próf í 10. bekk hefur aukist töluvert og rúmlega 90 prósent af þeim sem unglungum sem taka þátt í verkefninu standast prófið (Cabos Report, 2006).

Mathare Youth Sports Association (MYSA) eru samtök sem sjá um íþróttapróunarverkefni í Nairobi í Kenýa. Verkefni *MYSA* hafa reynst sérlega vel fyrir börn og unglunga sem tilheyra jaðarhópum. Helsti kostur verkefnanna er að börn og unglingar, í samstarfi við fullorðna, fá að koma að ákvarðanatöku og skipulagi. Þau börn og unglingar sem standa sig vel geta með tímanum orðið leiðtogar innan verkefnisins og gefendur í þróunarsamvinnu í stað þiggjenda. Eftirtektarverður árangur náðist meðal annars í samfélagsuppbyggingu þar sem félagsleg þátttaka unglinganna jókst umtalsvert og þeir urðu stoltari af eigin samfélagi (Willis, 2000). Samfélög eru flókin fyrirbæri og því þurfa íþróttir að haldast í hendur við fleiri þætti ef búa á til bragðsterk samfélög sem standa vörð um nám og þroska barna og unglunga (Ewing, Gano-Overway, Branta og Seefeldt, 2002).

Eins og sjá má eru íþróttir nýttar sem hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu með góðum árangri. Börn og unglingar eru hópur sem getur sérstaklega notið góðs af þátttöku í íþróttum þar sem sýnt hefur verið fram á að slík þátttaka stuðli að bættri líðan, styrki félagsleg tengsl, bæti námsárangur, dragi úr áhættuhegðun og auki þar með almenn lífsgæði barna og unglunga (Bailey, 2008; Cabos Report, 2006; Ewing o.fl., 2002; Hedstrom og Gould, 2004). Á síðast liðnum árum virðist hafa orðið alþjóðleg vitundarvakning um gildi íþróttar og í því samhengi má meðal annars nefna

að Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 2005 íþróttum og líkamlegri menntun. Ísland var hins vegar í hópi þjóða sem kaus að taka ekki þátt í verkefninu (Sameinuðu þjóðirnar, 2006) og virðist sem að sú áhersla sem lögð hefur verið á íþróttir og þróunarsamvinnu á alþjóðavettvangi á síðastliðnum árum hafi ekki skilað sér til Íslands að verulegu leyti. Engu að síður hafa orðið margvíslegar breytingar og framfarir á íslenskri þróunarsamvinnu frá upphafi hennar og er vert að líta yfir söguna.

5. Íslensk þróunarsamvinna

5.1 Opinber þróunarsamvinna

Íslenska ríkið hefur markað sér þá stefnu að þróunarsamvinna verði einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og að Ísland verði meðal þeirra þjóða sem veiti ríflegast til þróunarmála. Framlög til þróunarmála eru nú rúmlega þriðjungur af útgjöldum utanríkisþjónustunnar sem gerir þróunarmál að stærsta einstaka útgjaldalið hennar (Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009, 2005).

Íslensk stjórnvöld hófu fyrst að veita tvíhliða þróunaraðstoð⁶ til annarra ríkja í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar. Á sama tíma fengu Íslendingar þróunaraðstoð frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna eða allt til ársins 1976 (Einar Ágústsson, 1976). Í byrjun einskorðaðist framlag Íslands við stuðning við starfsemi alþjóðaðróunarstofnanna og þróunarsamvinnan var mjög smá í sniðum og veitt með aðstoð þróunarsamvinnustofnanna annarra Norðurlanda (Stefnumið Ísland, 2005). Með lögum um Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) frá árinu 1981 hófst nýtt tímabil þar sem Íslendingar mörkuðu sér sjálfir stefnu og áherslur í þróunarsamvinnu (Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands nr. 43/1981).

Starf ÞSSÍ hefur tekið töluverðum breytingum síðustu árin. Upphafsár íslenskrar þróunarsamvinnu fólu í sér yfirfærslu á íslenskri þekkingu og reynslu þar sem greiðslur komu til fyrir íslenska framleiðslu og tækniástoð, svo sem fiskiskip og útbúnað þeirra. Íslenskt framlag átti að vera sýnilegt í byggingum, búnaði og starfsfólki stofnanna sem voru afhent þróunarlandinu til rekstrar og afnota. Þróunarsamvinna af þessu tagi var á undanhaldi um aldamótin og við tók fjárhagsleg aðstoð tengd ákveðnum geirum, einstökum verkefnum eða eignarhaldi þróunarlanda á verkefnum frá upphafi (Stefnumið Íslands, 2005).

⁶ Tvíhliða þróunarsamvinna felst í beinni aðstoð eins ríkis við annað þar sem tengsl gjafaríkis og viðtakanda eru sýnileg. Árið 2004 var 85% af þróunarsamvinnu Íslands tvíhliða og ÞSSÍ sá um 30-35% af aðstoðinni. Margrét Einarasdóttir (munleg heimild, 29. janúar 2008) .

Síðastliðin ár hefur umfang þróunarsamvinnu vaxið hratt og er þróunarsamvinna nú orðin einn af mikilvægustu þáttunum í utanríkisstefnu Íslands. Árið 2004 markaði ríkisstjórnin þá stefnu að framlög til þróunarsamvinnu skuli nema 0,35 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2009. Árið 2008 nam hlutfallið 0,42 prósent af vergri landsframleiðslu sem er töluverð hækkun frá því árinu á undan. Ástæðurnar má einkum rekja til lækkaðra landsframleiðslu í kjölfar efnahagshrunsins og gengisuppfærslu til ÞSSÍ sökum hruns íslensku krónunnar (ÞSSÍ, 2009).

Þegar horft er til framtíðar er ljóst að töluverðar breytingar eru væntanlegar hjá ÞSSÍ. Með frumvarpi að lögum sem var sett fram árið 2008 eru þau nýmæli að ÞSSÍ þarf ekki að koma að daglegum rekstri ákveðinna verkefna. Þetta þýðir að stofnunin getur leyft sér að styðja við bakið á einstaka geirum eða verkefnum án þess að þurfa að koma með beinum hætti að stjórn verkefnanna (Frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, 2007-2008). Núverandi efnahagsástand er þegar farið að hafa áhrif framtíð þróunarverkefna Íslands. Samstarfslöndum Íslands í þróunarsamvinnu kemur til með að fækka um helming á tveimur árum. Sem dæmi má nefna að samstarfssamningur íslenska ríkisins við Namibíu verður ekki framlengdur og búið er að loka umdæmisskrifstofum ÞSSÍ á Sir Lanka og Níkaragúa (Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, 2009). Framlög til þróunarmála verða skert um tæpar 1700 milljónir sem þýðir rúmlega 32 prósent niðurskurð frá fjárlagafrumvarpi ársins 2009. Þetta þýðir meðal annars að engar nýjar skuldbindingar verða gerðar árið 2009 og að framlög til þróunarmála verða ekki 0,39 prósent af vergri landsframleiðslu heldur 0,24 prósent (ÞSSÍ, 2008).

5.2 Frjáls félagasamtök

Samræming stefnumiða íslenskra stjórnvalda og þúsaldarmarmiða SP gerir það að verkum að nýta beri íslenskt þróunarfé til að draga úr fátækt og auka efnahagslega og félagslega þróun (Ágústa Gísladóttir, 2009). Frjáls félagasamtök tengjast hugmyndinni um borgaralegt samfélag sem grundvallast á hefð sjálfviljugara þátttöku almennings í margskonar félagslífi (Þórdís Gísladóttir munnleg heimild 5.

febrúar 2008). Nokkur hefð er fyrir sjálfböðavinnu á Íslandi og félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni þekkt meðal almennings sem frjáls félagasamtök (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006). Þegar skipting sjálfböðavinnu á Íslandi á árunum 2005 til 2006 er skoðuðu kemur meðal annar í ljós að friðarhreyfing/mannréttindi eða þróunarmál voru 4,2 prósent, kirkjur og trúarhópar 6,9 prósent og stærsti hluti starfsins fer fram í íþróttafélögum eða 18 prósent (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006). Frjáls félagasamtök eru tiltölulega ungt fyrirbæri og fram á áttunda áratug síðustu aldar voru fá samtök á þróunarvettvangi en mikil fjölgun varð á níunda áratugnum. Fyrstu íslensku frjálsu félagasamtökin sem tengdust þróunargeiranum voru kristileg samtök og Rauði kross Íslands. Áberandi er hversu geirinn er óformlegur og upplýsingar um hann eru af skornum skammti. Almennigur leggur til mestan hlut af fjáröflunarfé og eigin framlög virðast hlutfallslega hærri á Íslandi en í nágrannalöndum og þá eru framlög frá opinberum aðilum aftur á móti mun minni. Framlög íslenskra félagsamtaka eru almennt mjög lág miðað við í nágrannalöndunum og mest af fjármunum er sent til erlendra regnhlífasmataka eða höfuðstöðva sem sjá um að útdeila fjármunum (Þórdís Gísladóttir munnleg heimild 5. febrúar 2008).

5.3 Íslensk þróunarsamvinna og íþróttir

Þegar gögn frá árunum 1988 til 2009 voru skoðuð fundust fjögur íslensk þróunarverkefni sem nýtt hafa íþróttir og gáfu þar með tilefni til frekari skoðunar. Verkefnin hafa mismunandi aðdraganda, markmið og nálganir og til að varpa ljósi á tengsl íþróttar og íslenskrar þróunarsamvinnu verður fjallað stuttlega um hvert og eitt þeirra.

Stöngin inn

Rekja má fyrsta íslenska íþróttarþróunarverkefnið aftur til ársins 1988. Í fréttabréfinu *Þróunarmál* kemur fram að fyrsta íslenska íþróttaverkefnið tengist ferð tveggja manna til Afríku að kenna handbolta árið 1988 (ÞSSÍ, 1988). Aðdragandinn var sá að formaður handknattleikssambands Breska Samveldisins lýsti vandamálum Afríkuþjóða við að afla sér aukinnar þekkingar í handknattleik. Hann setti sig í samband við alþjóða handknattleikssambandið um aðstoð en þeir sögðust ekki hafa

leiðbeinendur í verkefnið. Jón Hjaltalín Magnússon þáverandi formaður handknattleikssambands Íslands bauð fram aðstoð við verkefnið. Verkefnið var stutt af ÞSSÍ og handknattleikssamband Íslands útvegaði leiðbeinendur. Haldin voru tvö námskeið í Lagos í Nígeríu og í Dar el Salam í Tansaníu (ÞSSÍ, 1988). Næstu tengsl handbolta og þróunarsamvinnu eru árið 1990 þegar landslið Tansaníu kom í keppnisferð til Íslands og Svíþjóðar. Handknattleikssamband Íslands sá um framkvæmd og skipulagningu ferðarinnar bæði á Íslandi og á Norðurlöndunum. ÞSSÍ var stærsti styrktaraðilinn en einnig fengust styrkir frá SIDA og Norðurlandaráði. Heimsóknin var einskonar framhald af dvöl handknattleiksþjálfaranna í Afríku og minnst er á nýja tegund af „þróunaraðstoð“ (ÞSSÍ, 1990).

Að vinna traust í Afríku er titill greinar í *Þróunarmálum* þar er fjallað um að íþróttir hafi verið notaðar til að opna dyr á framandi slóðum (ÞSSÍ, 1991). Ólafur Einarsson sendi út boð um að Monkey Bay knattspyrnufélaginu vantaði fótboltaskó og bolta. Fótboltaskónum var safnað saman á Íslandi með aðstoð Hummel sportbúðarinnar og fluttir til Malaví. Ólafur segir frá: „Það er ekkert vafamál að þessir fótboltaskór og boltar eiga eftir að opna margar dyr fyrir okkur sem annars hefðu verið kirfilega luktar útlendingum“ (ÞSSÍ, 1991, bls. 5). Ólafur telur að gefa beri þessari tegund þróunarsamvinnu betri gaum þar sem þessi tegund þarf ekki að kosta mikið eins og þetta dæmi sýnir, „...en það er víst að það kemur til góða þeim sem þiggja, ólíkt því sem oft er með aðra kostnaðarsama þróunarsamvinnu.“ (ÞSSÍ, 1991, bls. 5). Þrátt fyrir það að Ólafur hafi í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar bent á að skoða ætti frekari þróunarsamvinnu með aðstoð íþróttar bar lítið sem ekkert á slíkri þróunarsamvinnu fyrr en með skákverkefni í Namibíu fimmtán árum síðar.

Skák og mát í Namibíu

Upphaf skákverkefnisins má rekja til könnunarverkefnis þar sem Henrik Danielsen stórmeistari í skák og Kristian Guttesen skákkennari fóru til Namibíu og voru þar í rúman mánuð árið 2005. Hápunktur könnunarverkefnisins var hraðskákmót sem haldið var í höfuðborg Namibíu, Windhoek, þar sem 66 manns tóku þátt og margir áhorfendur söfnuðust saman (Henrik Danielsen og Kristian Guttesen, 2005).

Mikilvægasti hluti verkefnisins voru skólaheimsóknir þar sem rúmlega fimmtán skólar voru heimsóttir og um 1500 krökkum á aldrinum 6 til 18 ára kennd skák. Kennarar í Namibíu töldu að skákin væri vel til þess fallin að læra rökhugsun og tengdist vel við hversdagslífið (Henrik Danielsen og Kristian Guttesen, 2005). Skákverkefnið var samstarfsverkefni skáklúbbsins Hróksins, Skáksambands Íslands (S.Í.), Skáksambands Namibíu, menninga og íþróttaráðuneytis Namibíu og ÞSSÍ. Hlutverk S.Í. var að sjá um gæðaeftirlit og að útvega hæfa leiðbeinendur og í samvinnu við Skáksamband Namibíu (NCF) að sjá um að fylgjast með verkefninu á milli heimsókna frá íslenskum aðilum og byggja upp innviði skáklífsins í Namibíu. S.Í. sá einnig um að styrkja sambandið milli NCF og annarra skáksambanda í Afríku. NCF sá um að halda utan um verkefnið í Namibíu til dæmis að finna og skipuleggja vettvangsstaði fyrir verkefnið og keppnir. Hrókurinn ásamt S.Í. sá um tæknilega aðstoð þar sem tveir skákkennarar voru sendir til Namibíu tvisvar á ári í sex vikur í senn til að kenna skák. Skáksettum var dreift í skóla og keppnir haldnar ásamt því að Hrókurinn þýddi kennsluefni sem hægt er að nálgast á netinu. Hrókurinn setti upp heimasíðu fyrir NCF þar sem efni skáksamvinnunar var sett fram ásamt því að gefa möguleika á beinum samskiptum á milli heimsókna. ÞSSÍ sá um að fjármagna og hafði yfirumsjón með verkefninu. Umsjónin fór fram í samstarfi við menningar- og íþróttaráðuneyti Namibíu (Chess Namibia - final, 2006).

„Kraftaverkahjúkkur“

Nýlegasta íslenska þróunarverkefnið sem byggist á íþróttum er eina verkefnið í þessari rannsókn sem ekki er á vegum ÞSSÍ en verkefnið var hugmynd tveggja hjúkrunarfræðinga í Madisi í Malaví. Upphaflega áttu hjúkrunarfræðingarnir Guðbjörg Bergmundsdóttir og Benedikta Svavarsdóttir að starfa á heilsugæslu í Malaví en vegna þess að lítið var að gera á heilsugæslunni og hún lokuð vegna stækkunar og breytingar varð ekkert af því. Hjúkrunarfræðingarnir lögðu ekki árar í bát heldur ákváðu að snúa sér að æskulýðsstarfi og stofnuðu íþróttafélagið Kraftaverkin (*The Miracles*) síðla árs 2008 (Benedikta Guðrún Svavarsdóttir og Guðbjörg Bergmundsdóttir, 2009b; Stefán Jón Hafstein, 2009). Hjúkrunarfræðingarnir

áttu að vinna í fimm mánuði á vegum Lútersku kirkjunnar í Malaví en Hjálparstarf kirkjunnar greiddi götu þeirra þangað. Verkefnið samanstóð af þremur þáttum: íþróttaaðstöðu og æfingafötum fyrir eldri börn, íþróttæfingum og leikvelli, og leikjum fyrir yngri börn (Benedikta Guðrún Svavarsdóttir og Guðbjörg Bergmundsdóttir, 2009a).

Byggðapróun í Kalangala héraði

Íþróttir eru hluti af námskrá í Úganda (Menntamála- og íþróttaráðuneyti Úganda, e.d.) þar sem byggðapróunarverkefnið í Kalangala héraði er staðsett. Íþróttir eru hluti af menntunargeira byggðapróunarverkefnis ÞSSÍ í Kalangala héraði í Úganda. Verkefnið er stuðningur við byggðarþróun Kalangala héraðs. Samstarfaðilar ÞSSÍ eru héraðsstjórnarráðuneytið og héraðsstjórn Kalangala héraðs. Eitt af markmiðum verkefnisins er að tryggja börnum aðgang að íþróttakennslu. Íþróttakennarar voru þjálfaðir og tæki og tól til íþróttaiðkunar gerð aðgengileg fyrir börnin. Verkefnið er langtímaverkefni og á að standa yfir í tíu ár eða frá árinu 2006 til ársins 2015 (ÞSSÍ, 2006).

Samantekt

Á fyrstu árum þróunarsamvinnu snérist hún nær eingöngu um að bæta efnahag þróunarlanda (Peet og Hartwick, 1999) en hefur í dag nokkuð víðari skírskotun og snýst ekki eingöngu um að auka hagvöxt í þróunarlöndum heldur skiptir einnig máli að auka lífsgæði fólks sem felast meðal annars í bættu menntakerfi, betri heilsugæslu og fleiri valmöguleikum til þess að geta lifað löngu og heilsusamlegu lífi (Þróunarmálastofnun SP, 2008e). Lífsgæði eru því ekki einungis metin í peningum heldur einnig í félagslegum gæðum. Íþróttir eru vinsælasta skipulagða afþreying í heimi og eiga mikinn þátt í að uppfylla mikilvægan hluta af lífsgæðum fólks, sérstaklega barna og unglunga. Mannréttindi barna og unglunga felast meðal annars í möguleikum þeirra til íþróttaiðkunar (Barnasáttmáli SP, 1989) en því miður hafa ekki öll börn og unglingar jafna möguleika á að stunda íþróttir. Sýnt hefur verið fram á að hægt sé að nota íþróttir til að stuðla að námi og jákvæðum þroska barna og unglunga (Bailey og Dismore, 2004). Íþróttaiðkun getur meðal annars dregið úr áhættuhegðun,

aukið félagslega hæfni, bætt námsárangur, dregið úr brottfalli úr skóla og mótað leiðtoga-hæfileika (Bailey, 2005; Cabos Report, 2006; Willis, 2000). Til að nýta íþróttir á jákvæðan hátt í þróunarsamvinnu er hinsvegar nauðsynlegt að huga vel að allri umgjörð og aðstæðum (Bailey, 2006). Í ljósi þessa þótti áhugavert að skoða hvernig íþróttir hafa verið nýttar í þróunarsamvinnu á Íslandi og hvort ekki sé ástæða til að nýta þær í auknum mæli í framtíðinni. Rannsóknaspurningar ritgerðarinnar eru því eftirfarandi: 1. *Hvernig hafa íþróttir verið notaðar í þróunarverkefnum á Íslandi?* 2. *Af hverju ætti að nota íþróttir í þróunarsamvinnu og hvaða þættir þurfa að vera til staðar til að hægt sé að nýta íþróttir á uppbyggilegan hátt í þróunarsamvinnu?*

6. Aðferðarfræði

Í þessari rannsókn var valin sú leið að styðjast við eigindlega aðferðarfræði með því að taka opin og hálfstöðluð viðtöl (Kvale, 2008). Helsta ástæðan fyrir því að stuðst var við eigindlega aðferðarfræði og viðtöl tengist því að ekki hafa verið gerðar íslenskar rannsóknir á því hvort og hvernig ípróttir eru nýttar í þróunarsamvinnu. Því þótti mikilvægt að heyra raddir þeirra aðila sem nú þegar hafa einhverja reynslu af því að nýta ípróttir í íslenskri þróunarsamvinnu. Eigindleg aðferðarfræði nýtist vel þegar þörf er á að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu og gera sjónarmiðum fárra þátttakenda góð skil (Kvale, 2008; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Upplifun, reynsla og hugmyndir þessara aðila var talin nauðsynleg til að varpa ljósi á hvernig og við hvaða aðstæður ípróttir geta nýst í íslenskri þróunarsamvinnu.

Íslensk þróunarverkefni sem tengjast ípróttum eru sárafá og tölfræðilegar upplýsingar um þau af skornum skammti. Því var talið að meginindleg og tölfræðileg aðferðarfræði myndi ekki skila markverðum niðurstöðum (Kvale, 2008). Rannsóknin er ekki hugsuð sem úttekt á verkefnunum íslenskra þróunaraðila eða til þess gerð að alhæfa niðurstöður á þýðið heldur er leitast við að fanga upplifun og hugmyndir fimm einstaklinga sem allir hafa reynslu af því að nýta ípróttir í íslenskri þróunarsamvinnu.

Eigindleg gögn eru mikilvægur grundvöllur fyrir ítarlegri skoðun og túlkun nýrra hugmynda (Morse, 1992). Áhrif ípróttá á börn og unglunga í þróunarsamvinnu hefur verið viðfangsefni rannsókna erlendis en þó svo að erlendar rannsóknarniðurstöður liggi fyrir um ákveðið efni er ekki þar með sagt að niðurstöður myndu verða þær sömu við rannsókn á íslenskum þróunarverkefnum. Sigurlína Davíðsdóttir (2003) komst svo að orði um aðstæður sem þessar:

Þannig eru meginlegar nálganir að einhverju leyti undirorpnar eigindlegum hugmyndum... (bls. 225), ...en ef við vitum ekki fyrirfram, hvers er viðeigandi að spyrja, er rétt að fara [fyrst] eigindlegar leiðir til að leita svaranna.... Erlendar rannsóknir gætu beinst í ákveðnar áttir, en ekki er víst að þær séu algerlega í samræmi við íslenskan veruleika og íslenska menningu. Við getum haft skoðanir á ýmsu sem við viljum vita í þessu sambandi og um það getum við spurt í spurningalista, en ef við vitum ekki nákvæmlega, hvers við erum að leita, gæti vafist fyrir okkur að finna réttu spurningarnar.“ (bls. 227-228).

Mikilvægi eigindlegra rannsókna er því ljóst þegar verið er að prófa efni erlendra rannsókna og nýrra gagna í nýjum aðstæðum eða landi.

Vegna þess að gott er að gera eigindlega athugun á efni í nýjum aðstæðum lá beint við að taka opin hálfstöðluð viðtöl við aðila sem hafa komið að íslenskum íþróttapróunarverkefnum. Viðtöl eru aðferð sem byggjast alltaf á þátttöku og samskiptum tveggja aðila, rannsakandans og viðmælandans. Viðtalið grundvallast hins vegar af hugmyndum rannsakandans um rannsóknarefnið og þeim upplýsingum sem leitast er við að draga fram. Með opnum og hálfstöðluðum viðtölum er hins vegar reynt að draga úr því að rannsakandi leiði skoðanir viðmælanda í ákveðnar áttir (Kvale, 2008) og lögð var áhersla á að upplifun og reynsla þátttakenda fengi að njóta sín. Viðmælendum var gert ljóst að allar upplýsingar yrðu einungis notaðar í þessari rannsókn og samþykktu þeir allir þátttöku undir eigin nafni (Esterberg, 2002). Í niðurstöðum verður því vísað til þátttakenda með fullu nafni.

Rannsóknin hófst sumarið 2008 með söfnun á fræðilegum gögnum og lauk í september 2009. Vinna við viðtöl hófst vorið 2009 og lauk í september sama ár. Fjallað verður um markmið, undirbúning, þátttakendur og gagnasöfnun og skráningu og úrvinnslu lýst.

6.1 Markmið rannsóknarinnar

Til að skapa grunn að rannsóknum á íþróttaverkefnum og þróunarsamvinu íslenskra aðila var skoðað hvernig börn og unglingar geti lært í gegnum íþróttaiðkun. Markmið rannsóknarinnar var að kanna reynslu og upplifun viðmælanda af því að

nýta íþróttir í þróunarsamvinnu, hugmyndir þeirra um gildi íþróttanna fyrir menntun og þroska barna og unglunga og hvort og hvernig nýta ætti íþróttir frekar í þróunarsamvinnu. Markmið rannsóknarinnar var því að fá innsýn í heim íslenskra þróunaraðila sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt og varpa ljósi á hvað þessir aðilar hafa lagt áherslu á í þeim verkefnum sem þeir hafa tekið þátt í. Niðurstöður viðtalanna í samræmi við fræðilegan hluta gefa tilefni til að svara rannsóknarspurningum ritgerðarinnar.

6.2 Undirbúningur og þátttakendur

Haft var samband við fimm aðila fyrir rannsóknina og allir samþykktu þátttöku og að nota mætti gögnin í tengslum við rannsóknina. Viðtölin voru tekin 28. júní, 11. ágúst og 27. ágúst árið 2009.

Úrtakið var markvisst (Esterberg, 2002) vegna þess að viðmælendur voru valdir af rannsakanda með hliðsjón af tengslum þeirra við íslensk þróunarverkefni sem tengjast íþróttum. Þar sem íþróttir hafa lítið sem ekkert komið við sögu í íslenskri þróunarsamvinnu var erfitt að finna viðmælendur sem búa yfir þeirri tilteknu reynslu sem óskað var eftir. Þátttakendur í rannsókninni eru Ágústa Gísladóttir, Henrik Danielsen, Kristian Guttesen, Guðbjörg Bergmundsdóttir og Drífa H. Kristjánsdóttir. Öll hafa þau reynslu af því að nýta íþróttir í þróunarsamvinnu en þó með misjöfnum hætti. Henrik og Kristian stóðu að þróunarverkefni í Namibíu þar sem þeir kenndu skák. Ágústa og Drífa starfa hjá PSSÍ og hafa reynslu af byggðarþróunarverkefni í Úganda þar sem skólaíþróttir eru hluti af byggðarþróunarverkefni. Guðbjörg var einn af stofnendum íþróttafélagsins Kraftaverkin.

6.3 Gagnasöfnun

Gögnum var safnað frá fjölbreyttum fræðagreinum, bæði til að auka fjölbreytni rannsóknarinnar og víkka rannsóknargrundvöll verkefnisins. Ákveðin vandamál skapast við samanburð á gögnum við slíka aðferðarfræði þar sem mismunandi akademísk fræðasvið hafa ólík viðhorf gagnvart mælingum, þýðingu gagna, beitingu rannsóknaraðferða og skýringu lykilhugtaka. Umfjöllunarefni verkefnis veldur því

að kostir þess að nota fjölbreyttan rannsóknargrundvöll eru frekari en ókostir. Helstu erfiðleikar verkefnis með fjölbreyttan rannsóknargrundvöll er mismunandi hugtakanotun fræðasviða og ólík túlkun á ákveðnum lykil hugtökum (Esterberg, 2002).

Gagnasöfnun fór fram með opnum, hálf stöðluðum viðtölum við fimm einstaklinga sem tengjast íslenskum íþrótt- og þróunarverkefnum. Eftir val á þátttakendum var viðtalsfyrirkomulag ákveðið. Reynt var að kalla fram reynslu viðmælenda í vitölunum og því var ekki notast við fyrir fram ákveðnar spurningar heldur voru aðalatriði sett fram og viðtalsvísi fylgt eftir. Eigindleg aðferðarfræði eins og hálf stöðluð viðtöl er talin góð rannsóknaraðferð þegar markmið rannsóknarinnar er að draga fram túlkun og skilning fólks á þeirra eign umhverfi og aðstæðum. Með því að notast við opnar spurningar, sem tengjast rannsóknar markmiðum, er það viðmælandinn sem kemur fram með sýna eigin hlið á málefnum (Esterberg, 2002; Kvale, 2008). Eitt viðtal fór fram á kaffistofu Háskólabókasafns en hin viðtölin fóru ýmist fram í gegnum síma eða samskiptaforritið *Skype*. Með þessum hætti voru viðmælendur annað hvort á heimili sínu eða í öðru hlutlausu umhverfi þar sem þeim leið vel eða gátu verið afslappaðir. Mikil áhersla er lögð á það í eigindlegum rannsóknaraðferðum að viðmælandi sé á stað sem honum líður vel á, eins og heimili sínu. Þá eru taldar minni líkur á að truflandi þættir í umhverfinu hafi áhrif á svör hans og meiri líkur á því að hann segi hreinskilningslega frá (Esterberg, 2002). Viðtölin fóru öll mjög vel fram að mati rannsakanda.

6.4 Skráning og úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin upp á hljóðsnældur og afrituð eins fljótt og kostur var auk athugasemda rannsakenda. Stuðst var við athugasemdir rannsakanda í greiningu gagna. Athugasemdirnar hjálpuðu mikið til og það var mjög gott að hafa þær til hliðsjónar við greiningu gagnanna. Gögnin telja samtals 37 blaðsíður um íþróttir og þróunarmál, hvernig íþróttir og menntun tengjast, hvað skal hafa til hliðsjónar við framkvæmd á farsælu íþróttaverkefni og hvort leggja eigi meiri áherslu á íþróttir í þróunarmálum. Eftir gagnasöfnun hófst úrvinnsla og greining. Minnisblað var gert

eftir hvert viðtal og að lokum voru dregin fram helstu sameiginlegu þemu viðtalanna (Esterberg, 2002; Taylor og Bogdan, 1998, Kvale 2008). Til að öðlast betri yfirsýn yfir efni viðtalanna voru þau lesin oft yfir (Esterberg, 2002; Kvale, 2008) og gerð voru sérstök samantektarblöð um útkomuna. Opin kóðun var notuð í upphafi greiningar þar sem gögnin voru lesin og strikað undir allt sem virtist geta skipt máli. Því næst var markvissri kóðun beitt og flokkar skilgreindir betur þar sem leitað var að ósamræmi, samræmi og rauðum þráðum (Esterberg, 2002; Kvale, 2008). Í niðurstöðum verður fjallað um efni viðtalanna í takt við markmið ritgerðarinnar. Rætt verður um ípróttir og þróunarmál almennt og hvernig slíkum málum hefur verið háttað hjá íslenskum þróunaraðilum og hvernig bæta megi þróunarsamvinnu og ípróttir íslenskra þróunaraðila í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar.

6.5 Vankantar

Við eiginlega rannsókn er mikilvægt að hafa í huga alla innan og utanaðkomandi þætti sem geta með einum eða öðrum hætti haft áhrif á rannsóknar niðurstöður. Í þessu tilfalli varð rannsóknarefnið ekki fyrir valinu fyrir tilviljun heldur tengist það áhuga rannsakanda á ípróttum og hugmyndum sem kviknuðu í námskeiðum í þróunarfræðum í meistaranámi í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands. Kvale (2008) bendir þó á að ákveðin næmni og þekking á rannsóknarefninu geti oft leitt til dýpri skilnings og lítil eða engin þekking geti frekar hamlað skilningi. Sú þekking og niðurstöður sem fram koma eru á endanum byggð á samskiptum og skilningi milli rannsakanda og viðmælanda. Með öðrum rannsakanda og viðmælendum væri nær öruggt að ólík samskipti og skilningur leiddu til ólíkrar útkomu (Kvale, 2008).

7. Niðurstöður

7.1 Upphaf, reynsla og árekstrar

Verkefni þrjú sem tekin voru til athugunar eru afar ólík af gerð og uppruna. Því þykir mikilvægt að draga fram upphaf þeirra og tilurð, sem og mismunandi reynslu viðmælenda af þróunarmálum og þeirra sem að verkefnunum koma.

Skákverkefnið í Namibíu og íþróttafélagið Kraftaverkin (The Miracles) eiga það sameiginlegt að hafa ekki átt sér langan aðdraganda eða undirbúningstíma. Kristian Guttesen sagði að rekja mætti upphaf skákverkefnisins í Namibíu til tilraunar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (PSSÍ) þar sem stofnunin vildi athuga hvort sá möguleiki væri fyrir hendi að nota íþróttir í þróunarsamvinnu. „Hugmyndin var sko eins og þeir lýstu þessu fyrir okkur að þeir vildu athuga þetta með Namibíu af því að þeir vildu vita hvort að menning eða íþróttir væru eitthvað sem að hægt væri að nýta í þessum tilgangi...“ Kristian segir svo um upphaf verkefnisins:

Úti í Windhoek þar sem að íslenska sendiráðið er... þar vill það svo til að á sömu hæð þar sem sendiráðið er... er fyrirtæki í hinum endanum... þar vinnur... eða á þeim tíma var sem sagt forseti skáksambands Namibíu og einhvern tíman hljóta þessir menn að hafa spjallað í lyftunni og þá kviknaði þessi hugmynd...

Guðbjörg Bergmundsdóttir, önnur af forsvarsstúlkum íþróttafélagsins Kraftaverkin, hafði ekki þróunarverkefni í huga þegar hún ráðgerði að fara í bakpokaferðalag til Afríku. Breyttar aðstæður urðu til þess að Guðbjörg sótti um hjá Hjálparstofnun kirkjunnar til þess að vinna í Afríku. Sem nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur var henni ásamt annari stúlku ætlað að vinna á heilsugæslu. Guðbjörg og Benedikta (vinkona) voru að koma í fyrsta skiptið að þróunarmálum. Tveimur vikum seinna var hún komin til Malaví á vegum Lútersku kirkjunnar í Malaví. Þar átti Guðbjörg og

vinkona hennar Benedikta að starfa á heilsugæslu en þar var lítið að gera vegna viðhalds á heilsugæslunni. „...[P]að var hrikalega lítið að gera á þessari heilsugæslu þannig að við bara þróuðumst ósjálfrátt út í þetta íþróttaverkefni“. Stúlkurnar dóu ekki ráðalausar heldur brugðu á það ráð að virkja hóp af börnum í nágrenninu. „Og svo vatt það bara upp á sig og Benedikta fór að þjálfa einhverja 10 stráka í fótbolta og ég fór að vera með hálfgerð leikjanámskeið fyrir yngstu börnin“.

Byggðarþróunarverkefnið í Kalangala héraði á sér annan og lengri aðdraganda þar sem verkefnið er sprottið frá ÞSSÍ, stærra í sniðum, tekur til fleiri þátta en íþróttar og er þar af leiðandi víðtækara. Undanfara verkefnisins má rekja til fullorðinsfræðsluverkefnis í Kalangala héraði sem hófst í byrjun árs 2002. „...Við vorum líka að styðja við Kalanga hérað í svona félagslegum verkefnum... og það var svona undanfari að því sem er í gangi núna“.

Reynsla viðmælenda af þróunarmálum reyndist vera afar misjöfn. Guðbjörg og Kristian voru til dæmis að starfa í fyrsta skiptið við þróunarsamvinnu en aftur á móti höfðu Drífa Kristjánsdóttir og Ágústa Gísladóttir unnið í fjölda mörg ár hjá ÞSSÍ og höfðu þar af leiðandi langa reynslu af þróunarmálum. Að auki er Drífa eini viðmælandinn sem hefur menntað sig sérstaklega í þróunarfræðum. Henrik Danielsen, stórmeistari í skák, sem starfaði við skákverkefni í Namibíu, bjó yfir ákveðinni reynslu þar sem hann hafði komið til Íslands til að vinna fyrir Hrókinn og tók í framhaldi af því þátt í þróunarverkefni á Grænlandi í tengslum við skák. Kristian sem var að starfa að sínu fyrsta þróunarverkefni sagði að ástæðan fyrir þátttöku hans í verkefninu hafi verið sú að hann starfaði hjá skákfélaginu Hróknum þegar ÞSSÍ hafði samband við Hrókinn og lýsti yfir áhuga á að vinna með skák í Namibíu. Ágústa var umdæmisstjóri í Úganda á byrjunarstigum byggðarþróunarverkefnisins í Kalangala en starfar nú sem sviðstjóri fiskimála hjá ÞSSÍ. Drífa er verkefnastjóri byggðarþróunarverkefnisins í Úganda sem er áætlað að ljúki árið 2015.

Guðbjörg, Kristian og Henrik voru sammála um að þau hefðu viljað hafa meiri reynslu af þróunarmálum áður en þau hófu að starfa við verkefnið. Guðbjörg sagði til dæmis að ef þær myndu setja upp íþróttaverkefni á nýjan leik yrði það gert

öðruvísi. Hún talaði meðal annars um reynsluleysi hennar og Benediktu (samstarfskona hennar) við að glíma við hægagang í Afríku: „Við gerðum okkur engan veginn grein fyrir því hversu hægt hlutirnir ganga í Afríku... ef að við hefðum kannski verið með einhverja reynslu þá hefði þetta kannski gerst aðeins hraðar og við verið svolítið þolinmóðari“.

Kristian og Henrik taka í sama streng og Guðbjörg þegar þeir lýsa reynslu sinni af því að vinna að þróunarmálum í Namibíu. Henrik hefði viljað vera búinn að kynna sér betur hvernig þjóðfélagið gengur fyrir sig í Namibíu þar sem hann taldi samfélagið gerólíkt því sem við eigum að kynnast á vesturlöndum. Hann sagði að fólk kæmi með sínar eigin hugmyndir um hvað væri rétt og rangt og að það tæki langan tíma að aðlagast samfélaginu. „...You can't change a society you can only change yourself“⁷. Kristian lýsir upplifun sinni: „...Mín upplifun var... að koma til Namibíu... mér fannst það vera eins og lenda á annarri plánetu... mér fannst þetta bara vera á allt öðrum tíma í allt öðrum heimi“. Henrik lýsti erfiðleikum í samskiptum við heimamenn sem unnu með þeim í verkefninu og nefndi til dæmis að bækur hefðu iðulega verið teknar frá þeim í leyfisleysi. Hann taldi hins vegar erfitt og ekki viðeigandi að yfirfæra eigin viðmið á önnur samfélög. „It is difficult to put your own values and your own view into different society but it is also like a personal development I believe“.

Kristian og Henrik töluðu um að félaslegar aðstæður og fátækt hefðu mikil áhrif á viðhorf og hátterni fólks. Til dæmis nefndu þeir að utan að komandi aðilum gæti þótt siðferðisþröskuldur heimamanna lægri en sinn eigin. Staðreyndin væri hins vegar sú að fólk í landinu þyrfti einfaldlega að bjarga sér.

...[P]að er svo mikil fátækt að það er sko maður skynjar það svolítið strax að það er bara hver fyrir sig. ...[Ég] og þú mundum kannski segja að siðferðisþröskuldurinn sé lægri... Þetta með peningana er samt svolítið truflandi sko. Það eru allir svo fátækir og þegar þeir finna að hér eru einhverjir peningamenn á ferðinni þá fær maður strax á

⁷ Til að merking viðtalsins við Henrik Danielsen tapi sér ekki var ákveðið að þýða ekki tilvitnanir eftir hann. Aftur á móti var ákveðið að þýða beinar enskar heimildir í fræðilegum inngangi til að brjóta hann ekki of mikið upp.

tilfinninguna að þeir eru að sækjast í það.

Guðbjörg sagði frá erfiðleikum vegna ólíkra væntinga þeirra og Lútersku kirkjunnar í Malaví til verkefnisins. Kirkjan hafði búist við því að eignast íþróttafélagið og að fá yfirumsjón með bankareikningum eftir að Guðbjörg og Benedikta færu til Íslands. Þær ákváðu hins vegar að fela ungliðum í Malaví umsjón með verkefninu vegna þess að þær treystu því ekki að peningarnir kæmust í réttar hendur ef kirkjan væri eini umsjónaraðilinn yfir verkefninu. „Og þeir urðu mjög ósáttir með það vildu fá að eiga íþróttafélagið og bankareikning í sínu nafni ...en jú við svona treystum þeim ekki alveg fyrir að vera með bankareikning í Lilongwe fyrir þetta íþróttafélag í Madisi við sáum ekki alveg fyrir okkur peningana komast í réttar hendur...“ Einnig hafði kirkjan búist við því að fá senda peninga frá stúlkunum eftir að þær færu til Íslands. ...[Þ]egar við fáum leyfi til þess að hérna byggja íþróttavöll á þeirra svæði að þá gera þeir sér líklega í hugarlund að við mundum senda þeim pening í framtíðinni og það var aldrei stefnan“.

Kristian sagði einnig frá því að við gerð á skýrslu um skákverkefnið í Namibíu hafi hann og Henrik lent í ákveðnum vandræðum. Tveir aðilar sem tengdust skáksambandi Namibíu og störfuðu við skákkennslu í skólum og fengu þar greitt fyrir hvern nemenda báðu Henrik og Kristian um að aðstoða sig við kennsluna. Þegar þeir komu í skólana fannst þeim kennslan mjög ófagmannleg, ómarkviss og „...svona hálf hlægileg sko“. Í skýrslu sem þeir skiluðu bæði inn til ÞSSÍ og skáksambands Namibíu kom afstaða þeirra til kennslunnar skýrt fram. Skáksamband Namibíu bað þá hins vegar að taka þessa sérstöku athugasemd út úr skýrslunni, vegna þess að skýrslan mátti ekki innihalda neikvæða umfjöllun um skákkennslu þar sem það gæti haft áhrif á innkomu og vinnu þessara tilteknu skákkennara. Um þetta segir Kristian: „Þannig að í svona þróunarstarfi þá er það svolítið sko þeir sem eru á hinum endanum... þeir hafa ekkert endilega sömu markmið og við sem komum færandi hendi sko“.

Drífa virtist hafa aðra sýn á menningarmun og samskiptarörðugleika í þróunarlöndum. Hún taldi erfiðleika í samskiptum vera eðlilegan hluta af því að

starfa við þróunarmál. „Spilling og þetta sem er náttúrulega bara viðloðandi og um að gera að vita að hlutirnir ganga hægt fyrir sig og við því er ekkert að gera“. Þeir viðmælendur sem höfuð aldrei eða lítið starfað við þróunarsamvinnu áður voru á einu máli um það að þau hefðu öll viljað fá tækifæri til að setja sig betur inn í menningu þeirra landa sem verkefnin fóru fram í.

7.2 Þátttaka og keppni

Í rannsókninni kom í ljós að keppni var hluti af öllum verkefnum. Kristian sagði til að mynda að þeir hefðu lokað fyrstu heimsókninni í skákverkefninu með því að halda skólamót og mikill fjöldi þátttakenda og áhugi heimamanna kom forsvarsmönnum ÞSSÍ í opna skjöldu og í kjölfarið taldi ÞSSÍ að það væri grundvöllur til að nota skák í þróunarsamvinnu. Kristian talaði um mótið: Við lokuðum ...fyrsta verkefnið á því að halda stórt skólamót ...og það var það sem var álitnið svona rosalegt „success“. Þess vegna sáu þeir [ÞSSÍ] að það er hægt að nota skákíþróttina í þróunarstarf“. Henrik sagði að á ákveðnum tímamarki hafi þeir þurft að vísa krökkum frá keppnisstað þar sem fjöldi barna og unglunga sem vildi taka þátt var mun meiri heldur en þeir höfðu búist við. Henrik sagði frá: „And I can tell you we had hundreds of children coming to the capital to play chess. So it was just at one point we had to stop you know, taking more into the tournaments because we simply did not have enough space for it“. Kristian taldi að keppnin hafi gengið jafn vel og raun bar vitni meðal annars vegna þess að krökkunum var gert ljóst að keppnin væri eins upp sett og þegar teflt er á Ólympíuleikunum í skák. Krökkunum var gert ljóst að þau þyrftu að taka keppnina alvarlega og bera virðingu fyrir íþróttinni. Kristian sagði svo frá skólakeppni í Windhoek: „Fjórir í hverju liði og hérna hér eru ákveðnar reglur. Þið verðið að líta á klukkuna og það verður að vera þögn í salnum og við reyndum að sína þeim að maður verður að bera virðingu fyrir sem sagt keppnishöldinni það þykir þeim rosalega spennandi...“. Kristian taldi að þátttaka í skólamótinu hefði gefið einhverjum börnum verulegan tilgang og veitt tilbreytingu í líf barnanna. Um tvo drengi sem þurftu að ganga í sex klukkutíma til mótsstaðar sagði Kristian: ...„[Þ]eir voru að segja við okkur á milli umferða að þetta breyti svo

miklu því þegar við erum heima hjá okkur þá bara sitjum við og bara gerum ekki neitt „we just sit...“. Í skákverkefninu í Namibíu var að auki tekin sú ákvörðun að þjálfarar upp karla og kvennalandslið Namibíu. Kristian sagði að hugmyndin á bakvið að þjálfarar afreksfólk væri sú að skapa fyrirmyndir fyrir yngra skákfólk. Sú þjálfun sem fór fram á vegum verkefnisins leiddi til þess að stúlknasveitin sem þjálfuð var myndar nú Ólympíusveit kvenna í skák í Namibíu og einn til tveir strákar eru nú fimmti eða sjötti maður í karlasveitinni. Um þetta sagði Kristian: „Þróunarsamvinnustofnun vildi þá reyna að hjálpa menn töldu þá að það væri líka hluti af uppbyggingarstarfsemi ef þú þjálfarar þessa allra bestu þá eru þeir sko fyrirmynd fyrir þá sem eru yngri og svo ...vildi [þróunarsamvinnustofnun] fá að hjálpa Ólympíu eða landsliðunum að komast á Ólympíuleikana í skák...“

Ágústa sagði að einn af jákvæðustu þáttunum við byggðapróunarverkefnið í Kalangala hefði verið að þegar krakkarnir í héraðinu fengu tækifæri til að taka þátt í skóleikunum í fyrsta skiptið í 20 ár. Drífa hrósaði árangri barnanna frá Kalangala héraði í íþróttakeppnum og talaði um hversu mikilvæg keppnisferðalög gætu verið fyrir börn sem sjaldan eða aldrei fá tækifæri til að ferðast.

...[V]ið erum stolt af því að í keppnunum á milli héraða það eru eitthvað um 100 héruð í Úganda og [það] eru 47 eða 50 sem komast í þessa keppni og við lentum bara í sjöund sæti! ...Já og þetta gerir líka það að þau fá að fara út úr héraði, þú veist það eru svo fáir sem ferðast, þegar þau fara í keppnir þá fara þau í rútu og fara austur fara langt að heiman og það er líka mikil upplifun.

Guðbjörgu fannst keppni einnig skipta miklu máli fyrir hátterni krakkanna í íþróttafélaginu Kraftaverkin. Krakkarnir lærðu að setja sér markmið og að hvetja hvort annað til að ná settum markmiðum: „Þannig að það var alveg bara hápunkturinn í þessu öllu saman að horfa á þau vera að keppa og þau setja sér markmið og vilja vinna [...] ná betri árangri, hvetja hvort annað og verða betri“.

Kristian nefndi einnig að mikilvægur hluti af því að taka þátt í keppni sé að læra að tapa og að krakkarnir í skákverkefninu hafi til dæmis lært að tapa í keppnunum. Hluti af verkefninu var meðal annars að láta hóp af krökkum tefla við

stórmeistarann Henrik, blindskák. Kristian lýsir skákinni: „Og svo teflir stórmeistari blindskák við bekkinn. Þetta verður grafískt sko hann setur kannski svefnmottu fyrir augun eða bindur trefil... þau sjá náttúrliga að hann sér ekki neitt sko og leikur á móti þeim“. Henrik lýsir tilgangi blindskákarinnar þannig að þeir hafi viljað gera börnunum ljóst að enginn er fæddur meistari. Allir tapa einhvern tíman en þeir sem æfa sig og trú á sjálfan sig geta orðið sigurvegarar. „My point was always, with the children; do you think that you would be able to do this. And if they say yes, then I'm happy because this is what we can all. We can train it up so that we can get a better memory“.

Í skákverkefninu var lögð áherslu á að þátttaka barna og unglunga í keppni veitti öllum jafna möguleika á árangri þrátt fyrir misjafna félagslega og efnahagsleg stöðu. Sem dæmi um vel lukkaða keppni að þessu leyti segir Henrik frá því þegar börnum úr fátækum skóla tókst að sigra börn sem ganga í ríkan skóla og uppskáru að launum breytt hugarfar og aukna tiltrú á sjálfan sig.

I can tell you we went to poor schools and we went to rich schools and we made a team competition and the winner of one of the tournaments was those kids, the black kids from the poor school they won all the rich schools and I can tell you when those kids was standing with the gold, you should have seen them! They really they were one meter higher you know.

Kristian sagði að umgjörð skákverkefnisins í Namibíu hefði meðal annars falist í því að veita fólki sem býr við bágar félagslegar aðstæður möguleika á þátttöku í skák og þroskast í kjölfarið. ...[F]ormúlan var þessi að fara og finna fólk sem að kannski hefur ekki tækifæri eða aðstæður til að þróa sína hæfileika eða kannski fólk sem að er afskiptalaust og stuðla að því að gefa þeim skákbúnað, veita þeim kennslu og reyna að koma þeim af stað“. Megin markmið skákverkefnisins í Namibíu fólst í því að stofna sem flest skákfélög til þess að auka þátttöku sem flestra barna og unglunga í skák. Engu að síður gerðu félaglegar aðstæður á sumum svæðum í Namibíu það að verkum að erfitt eða nær ómögulegt var fyrir börn og unglunga að taka þátt. Henrik sagði meðal annars: „For example in some poor areas it didn't make sense to go and

teach the children chess because you know in some areas the children they don't get food... and they don't get their vitamins and so they are not capable, they are simply not capable of learning". Í byggðarþróunarverkefninu var valið að vinna með íþróttir í tengslum við grunnskóla enda íþróttir viðurkenndur hluti af námskrá Úganda. Skólasókn barna í Kalangala héraði er engu að síður frekar dræm og hefur það áhrif á tækifæri þeirra til að taka þátt í íþróttum. Drífa segir svo frá: „...Það eru nefnilega ekki nema á milli 50 og 60% af krökkum Kalangala sem fara í skóla ...flestir koma og eru í fyrst bekk og eftir þriðja árið þá verður rosa fall úr skólanum“. Ágústa sagði að íþróttir séu hluti af námskrá í Úganda og því ættu skólar að bjóða börnum upp á íþróttakennslu: „...það er í námskránni að hafa íþróttakennslu...“. Drífa var ekki sammála Ágústu um að íþróttir séu hluti af námskrá í Úganda því hún talaði um íþróttir sem „extra curricular activities“. Hún sagði einnig að héröð sem búa við bágan fjárhag láti oft íþróttir mæta afgangi í skólakennslu og að börnin í Kalangala héraði gætu talist heppin að fá að taka þátt íþróttakennslu. Drífa sagði svo frá: „Það eru þessi „extra curricular activities“ sem svo er kallað hér er náttúrulega það sem að situr á hakanum hjá fátækum sveitastjórnnum þannig að það... eru sko ákveðin forréttindi hjá krökkunum okkar að fá þessa kennslu í þessu“. Ágústu fannst að börn á Íslandi og Úganda hefðu sömu þarfir og væntingar og því ætti íþróttakennsla að vera hluti af skólastarfi í Úganda alveg eins skólaíþróttir eru sjálfsagður hluti af skólagöngu íslenskra barna. Auk þess fannst henni að íþróttaiðkun væru hluti af mannréttindum barna: ...[B]örn í Úganda og börn á Íslandi eru alveg eins og þau hafa sömu þarfirnar þannig að það er ekkert öðruvísi þar. Þannig að út frá því finnst mér það bara sjálfsagður, bara réttindi þeirra að vera boðið upp á íþróttakennslu...“

7.3 Nám, þroski og vinsældir

Það var mat allra viðmælenda að íþróttaiðkun efli andlegan og líkamlegan þroska og nám barna og unglinga. Guðbjörg taldi að íþróttástandun barna á Íslandi og góður námsárangur héldist í hendur og sagði hún að það sama hefði gilt um börnin í Malaví:

...eins og með íþróttastarf hérna heima að þegar krökkum gengur vel í íþróttum þá eru svo miklar líkur á að þeim gangi vel í skóla líka og það

fannst okkur alveg við sjá að áhuginn [hjá] allavega stórum hóp af krökkum að áhuginn varð meiri á skólanum og bara að standa sig betur í lífinu almennt.

Henrik var sama sinnis og Guðbjörg um að íþróttaiðkun bætti námsárangur og vitnaði í athuganir uppeldisfræðinga. „You learn better and this is a common knowledge I understand but it's also known you know by pedagogic if the children are very active on the playground they learn better“. Kristian nefndi að skilyrðin fyrir því að börn þroskuðust og lærðu í gegnum íþróttir fælust ekki endilega í árangri eða því hvaða íþróttagrein börnin legðu fyrir sig því það mikilvægasta sem börn gætu lært með íþróttaiðkun væri að taka sjálfstæðar ákvarðanir en einnig að vinna með öðru fólki.

...[É]g er sannfærður um að til dæmis með því að kenna skák, eða kenna hópíþróttir þá læra þeir [krakkarnir] ákvörðunartöku og að vera að hluti af heild og þeir læra aga og þeir þroskast bara á mjög mikilvægum sviðum og ég held reyndar að það sé aukaatriði að þetta sé akkúrat skák sko. Það er aukaatriði hvort þau verði meistara í greininni... ..ef þú sýnir þeim að það er hægt að hafa tilgang í einhverjum hópi með einhverjum hætti að ég held að það sko hérna geri gæfumuninn sko.

Guðbjörg nefndi einnig mikilvægi þess að vera hluti af hóp og að börnin hefðu lært að tileinka sér samvinnu og sameiginleg markmið í gegnum íþróttafélagið Kraftaverkin: „...[Þ]etta bara er svo gott fyrir börnin að gera eitthvað saman og stefna eitthvert saman og vera hópur.“ Guðbjörg sagði að hluti af námi barnanna hefði snúist um umgengni og hvernig þau gætu nýtt sína eigin hæfileika innan íþróttar og í „raunveruleikanum“. Auk þess sagði hún að börnin hefðu áttað sig á fjölbreytni fólks og að hluti af þroskaferli þeirra hefði birst í hæfni þeirra til að átta sig á eigin styrkleikum og veikleikum. „...[Þ]au læra bara mannleg samskipti og hérna þau læra að það eru ekki allir eins og hérna þau læra á sína styrkleika og veikleika bæði í íþróttinni sjálfri og í samskiptum og ná að þroskast svo í samræmi við það.“ Það sem Guðbjörg sagði að hefði verið sérstaklega „æðislegt“ í verkefninu hefði verið að sjá krakkana finna til sín og þroskast með öðrum í staðin fyrir að sitja heima

aðgerðarlaus. „Það var náttúrulega bara að horfa á [börnin] þroskast í hóp og hafa eitthvað spennandi fyrir stafni og hérna þeim fannst þau vera mikilvæg...“.

Félagslegar aðstæður í flestum verkefnum höfðu að einhverju leyti áhrif á möguleika barna og unglinga til að taka þátt í íþróttum og öðlast þannig tækifæri til frekara náms og þroska. Í skákverkefninu var reynt eftir fremsta megni að draga úr því að félagslegar aðstæður hindruðu þroska og nám barnanna. Henrik segir frá upplifun barna sem sigruðu á skákmóti þrátt fyrir að búa við afar erfiðar félagslegar aðstæður og uppskáru að launum breytt hugarfar og aukna tiltrú á sjálfan sig.

They learned definitely to change their thoughts, you know I think we all know that children need to be talked to positively but you can't teach a child to have self esteem you know. Of course they can get it from home but at a certain point they have their own experiences, standing in front of other people clapping and then they see: Wow I did it! Nobody helped me nobody could make my moves. And then they develop. Then they have to trust in themselves, and this trust will go on you know.

Henrik bætti við að nám og þroski barna dafnaði best í lifandi og skemmtilegum aðstæðum þar sem þau gætu leikið sér. „And I think the best way to really to have children to develop is to if they have fun and if they are learning by playing then it's just general I think.“ Kristian taldi að íþróttaiðkun gæti vakið áhuga barnanna fyrir nýjum og heilbrigðum lifnaðarháttum sem gætu veitt þeim aðgang að frekari möguleikum eða tækifærum til betra lífs. „Ég held bara að þetta kveiki bara von, sama hvaða meðal er notað, þú ætlar að stunda langhlaup eða skák eða sund... af því að ef þú kennir þeim eitthvað svona hollt og heilbrigt þá hjálpar það“. Guðbjörg lagði einnig áherslu á heilbrigt líferni og sagði að börnin hefðu lært að heilbrigt líferni væri skilyrði fyrir því að starfa í íþróttafélagi: „Það var til dæmis einn strákur þarna sem var tíu ára gamall og byrjaður að reykja og drekka og þá myndast svona hópþrýstingur um það að þetta sé ekki í lagi og svona verið að hvetja hann áfram í að standa sig betur og hætta þessari vitleysu“.

Ástæða þess að notast var við íþróttir í byggðarþróunarverkefninu í Kalangala var ekki einungis sú að kenna börnum íþróttir heldur einnig sú að nota vinsældir

ípróttu til að laða börn að námi. Ágústa og Drífa sögðu frá dræmri skólasókn barna og lýstu því hvernig ípróttir hefðu verið hugsaðar meðal annars sem tæki til að gera skólaumhverfið meira spennandi. Ágústa sagði frá:

Vandamálin þar [Úganda] eru ekki að vantar húsnaði eða að það vantar kennara heldur að það vantaði að laða börnin í skólann það er ekki skólaskylda þannig að það var eiginlega svona [verið] að reyna að hafa þá eitthvað svona spennandi að fara í. Sem foreldrum þætti spennandi að börnin færu í skólann. Skólamáltíðir og bæta kennsluna og þar með talið semsagt ípróttakennslu...

Vandinn í menntun grunnskólabarna í Kalangala héraði að mati Drífu felst í miklu brottfalli í þriðja bekk og ípróttir eru meðal annars hluti af því að gera skólaumhverfið fjölbreyttara og um leið ákjósanlegra fyrir krakkana að koma í skólann. „...[P]au eru sjö ár í skólanum og eftir þriðja árið þá verður rosa fall úr skólanum... Ípróttakennsla gerir það áhugaverðara fyrir þau að koma í skólann aftur...“. Drífa vonaðist til þess að ípróttir hefðu áhrif á minnkun brottfalls úr skólanum og sagði að það kæmi ljós í lok ársins 2009. „...[V]ið vitum það betur í desember og ég vonast til þess að hérna að þau hangi lengur í skólanum að krakkarnir komi aftur í fjórða og fimmta bekk að þau detti ekki út í þriðja bekk“. Í skákverkefninu reyndust ípróttir vekja mikinn áhuga í samfélaginu. Henrik talaði um að vinsældir ípróttu gerði það að verkum að auðvelt hefði reynst fyrir aðstandendur skákverkefnisins að ná til samfélagsins og vekja áhuga áhrifafólks í Namibíu: „...[Y]ou get in contact with big groups of people and you are, can really involve the society. I'm also talking about politicians and such, because we had politicians also coming into the project from the Namibian side and sponsor us. So that the Namibian chess federation was able to get sponsors and such“.

7.4 Umgjörð, einlægur áhugi og aðkoma heimamanna

Það sem stuðlaði helst að velgengni þróunarverkefnanna að mati allra viðmælenda var óskiptur áhugi leiðbeinenda. Henrik sagði meðal annars að það skipti miklu máli að leiðtogar ípróttaverkefna væru einlægir, áhugasamir og tilbúnir til að leggja á sig

mikla vinnu. „It's also how much you put into it if you come and you are very motivated and enthusiastic. You put this into the situation and but it takes effort you know, so I think you pass this on and this is just what I think“. Að mati Henriks þarf ekki endilega sérfræðinga til að stjórna íþróttaverkefnum heldur skiptir áhugi og einlægni leiðtoga meira máli. „I think you need just trainers that are motivated and really in to this, into... it has a clear should we say a clear picture of how to do it...“. Guðbjörg talaði um að leiðtogahæfileikar Benediktu, samstarfskonu hennar, hefðu skipt sköpum fyrir verkefnið þeirra í Malaví. „Benedikta hún var rosa mikið svona já eiginlega meira heldur en ég svona kom með kraftinn inn í þetta og án hennar hefði þetta held ég ekki gengið upp. Það er rosa mikill kraftur í henni og hún náði að „peppa“ þess krakka saman í að verða ein heild“.

Guðbjörg sagði einnig að til að ná árangri í íþróttapróunarverkefnum væri auk áhuga og einlægni leiðbeinanda nauðsynlegt að skapa viðeigandi umgjörð um verkefnið til draga fólk að verkefniinu. Hún sagði að það hefði komið henni og Benediktu skemmtilega á óvart hversu vel gekk að fá ungliða á aldrinum 16 til 30 ára innan kirkjunnar til starfa við verkefnið. Hún taldi skemmtileg umgjörð og góð stemming sem myndaðist á fundum hefði leitt til þess að ungliðar sóttu í að starfa við verkefnið.

Og hérna þau komu til okkar á fund og það var náttúrulega, jú ég meina, ef við hefðum ekki boðið upp á neitt eða verið með neitt svona til að gera þetta spennandi þá hefði það alveg ábyggilega verið erfiðara, ég verð alveg að viðurkenna það. En svo bara skapaðist svona við náðum bara að skapa stemningu í þessum hóp og gera þannig að þeim fannst þetta skemmtilegt og þau höfðu ábyrgð og hlutverk og þá bara við vorum ekki alveg vissar að það mundi gagna svona vel það var já þau náðu bara alveg ótrúlega vel saman og vildu standa sig vel.

Kristian og Henrik sögðu að þeir hefðu reynt að hafa umgjörðina í kringum skákkeppnir í Namibíu þannig að þær höfðuðu til sem flestra. Þeir nefndu til dæmis að á hraðmóti sem þeir héldu í Namibíu hefðu fleiri en einungis sigurvegararnir fengið verðlaun.

So when we arranged the tournaments we don't go just to find a winner or something we wanted to involve the children and make them interested, so that they would continue to play chess and so we had prizes not only for the best players you know, but we also had some drawing prizes so that they children you know, felt they had a chance to win a prize and go back home, just the small things.

Henrik sagði að reynsla Hróksins frá Grænlandi og Íslandi hefði auðveldað þeim uppsetningu skákverkefnisins í Namibíu. Hann sagði að þeir hefðu farið af stað til Namibíu með skýr markmið að leiðarljósi og nýtt sér þá umgjörð sem Hrókurinn hefði notast við áður. „I think we had clear way work from the beginning and we used as I said, Hrókurinn's principles so for us it was very easy to go in and just start it up. And so we used just our experiences from Iceland and Greenland...“.

Kristian og Henrik töldu að fjölmiðlar hefðu verið mikilvægur hluti af umgjörð verkefnisins þeirra. Þeir sögðu að fréttaskrif og myndbirtingar hefðu hvatt krakkana til dáða og opnað augu jafnaldra þeirra fyrir nýjum tækifærum sem felast í reglulegri ástundun íþróttanna. „Skrifum svo lifandi fréttir og látum það koma fram hvaða stelpa var efst og náðum svo myndbirtingu af efstu stelpunni og efsta stráknun. Það er eiginlega sá þáttur sem að virkilega hvetur þau til dáða... .. af því að þá sjá þau einhvern á sínu reiki sko... sem er komin í blöðin... það er svona það sterkasta að sýna þeim hvernig áhrif þetta getur haft“.

Ágústa sagði að umgjörð byggðaðróunarverkefnisins í Kalangala héraði hefði aðallega falið í því að kaupa íþróttatæki fyrir skólana. Tæki og tól til íþróttaiðkunar voru ekki dýr að mati Ágústu en þrátt fyrir það sagði hún að skólarnir í Kalangala héraði hefðu ekki verið búnir að fjárfesta í neinum tækjum áður en verkefnið kom til sögunnar. „Þetta kostaði ekkert sérstaklega mikið, frekar ódýrt. Það var allavegana hver einasti skóli þarna, sem hver þeirra fékk einn svona pakka...“. Helsta umgjörðin í kringum íþróttafélagið Kraftaverkin fólst einnig í að útvega tæki og tól til íþróttaiðkunar. Guðbjörg sagði að stofnkostnaður íþróttafélagsins Kraftaverkin hefði verið rúmar 100 þúsund krónur íslenskar.

Ég veit ekki hvað við náðum að safna miklu hundrað og eitthvað þúsund að minnsta kosti og hérna við ákváðum bara að við mundum nýta þennan pening í að byggja smíða fótboltamörk og netballmörk og settum okkur markmið og þetta svona náðist flest allt að gerast, gerðum leikvöll og hérna fengum land undir fótboltann og netballið hjá Lútersku kirkjunni

Til að tryggja fjárhagslegan grundvöll íþróttafélagsins Kraftaverkin seldu krakkarnir meðal annars ávexti og starfræktu kjúklingabú. Allir sem tóku þátt þurftu einnig að borga mánaðarlegt æfingagjald. Ávaxtatrén og félagsgjöldin voru einnig hugsuð sem táknrænt framlag krakkana til að viðhalda og leggja rækt við íþróttafélagið sjálft.

...[Þ]au settu niður tré appelsínutré, eplatré og einhver svona tíu tré eiginlega bara svona tákn um það að þetta íþróttafélag ætti að ganga eitthvað og svo það tekur náttúrulega langan, langan tíma fyrir þessi tré að vaxa en svo fá þau að selja ávextina og nota peninginn svo hérna áttu þau að fá hæsnabú sem var í vinnslu... ..og svo hérna var líka félagsgjöld, áttu að vera fimm nei tvær eða fimm krónur á mánuði.

Drífa taldi að framtíðarverkefni ÞSSÍ yrðu byggð upp með svipuðum hætti og byggðapróunarverkefnið í Kalangala héraði. Hún taldi enn frekar að menntun og íþróttakennsla gætu skipað stóran sess í framtíðarverkefnum ÞSSÍ. „Ég held að almennt ætti menntun að vera í þeim pakka ég býst við að það verði fleiri svona verkefni sem að verða sett á svona og ég get örugglega séð menntun sem einn af helstu þáttunum í svona verkefnum, grunnskólamenntun og þá íþróttakennsla líka“. Til að tryggja varanleika og framtíð íþróttafélagsins Kraftaverkin lögðu Guðbjörg og Benedikta markvisst upp með að virkja ungt heimafólk til þátttöku og stjórnunar. Guðbjörg sagði að ungliðar innan Lútersku kirkjunnar í Malaví hefðu á endanum tekið við rekstri íþróttafélagsins og séð um alla stjórnsýslu og fjármál sjálf. „Það var sem sagt hérna ungmennafélagið í kirkjunni sem að fór á fund með okkur buðu sig fram í að vera þjálfarar og hérna formenn og gjaldkerar og þetta... Það var held ég bara það skemmtilegasta af þessu öllu að geta sett þetta í hendur á einhverjum öðrum“. Kristian og Henrik lögðu einnig áherslu á að virkja heimafólk og töluðu um að þeir hefðu reynt að tryggja varanleika skákverkefnisins með því að starfa náið

með Namibíska skáksambandinu. Þeir voru vissir um að hafa skilið skákina eftir í góðum höndum hjá namibíska skáksambandinu. „...[É]g veit að ég sé það inná heimasíðu skáksambandsins í Namibíu að þar er öflugt starf og þeir fengu mikið út úr þessu“.

8. Umræður

Áður en fjallað verður um helstu niðurstöður ransóknarinnar er mikilvægt að ítreka að niðurstöðurnar endurspeglar persónulega skoðun og hugmyndir þátttakenda og þess vegna er ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar eða yfirfæra þær á annað fólk sem kom að sömu verkefnum og þátttakendurnir. Ekki er heldur hægt að yfirfæra niðurstöðurnar yfir á önnur verkefni. Niðurstöður eru auk þess alltaf háðar túlkun rannsakanda og samskiptum hans við viðmælendur (Kvale, 2008). Að því leyti eru þær takmarkað við ákveðið fólk, samskipti og aðstæður. Engu að síður þykja niðurstöðurnar mikilvægar og gagnlegar til að greina hvaða upplifun og reynslu fimm einstaklingar hafa af þremur misnumandi þróunarverkefnum sem nýta íþróttir. Með því að byggja á viðtölum við íslenska þróunaraðila og fjölbreyttum rannsóknum verður reynt að greina með hvaða hætti íþróttir hafa hingað til verið nýttar í íslenskri þróunarsamvinnu og hvaða þættir þurfa að vera til staðar ef nýta á íþróttir í þróunarsamvinnu á jákvæðan máta.

8.1 Íþróttir og þróunarsamvinna á Íslandi

Íþróttaiðkun er hluti af mannréttindum barna og unglunga (Barnasáttmáli SP, 1989; Mannréttindayfirlýsingu SP, 1948; Menningarmálastofnun SP, 1978). Ætla mátti að mikilvægt sé að beina sjónum að börnum og unglungum í þróunarsamvinnu og ein af leiðunum til þess er í gegnum íþróttir (Larson, 2000) sem eru vinsælasta skipulagða afþreying sem unglingar og börn stunda (Larson og Verma, 1999). Börn og unglingar geta lært og þroskast á jákvæðan hátt í gegnum íþróttir (Bailey, 2005) og því má leiða líkum að því að góð leið til þess að stuðla að jákvæðum þroska og námi barna og unglunga í þróunarlöndum sé í gegnum íþróttir. Íþróttir hafa verið stundaðar í heiminum frá fornu fari (Golden, 1998) og í kjölfar iðnvæðingar var íþróttaiðkun ekki einungis tengd við líkamlegt hreytti heldur líka við jákvæða samfélagslega þætti (Bale og Cronin, 2003).

Á upphafsárum þróunarsamvinnu tengdist þróun hagfræði sterkum böndum. Verg lands og þjóðarframleiðsla var talin góður mælikvarði á því hversu langt löndin væru komin á þróunarbrautinni og þróuðustu löndin voru þau sem byggðu efnahag sinn á fjöldaneytlu og þjónustu (Rostow, 1960). Þróunarsamvinna á sér ekki langa sögu á Íslandi og á upphafsárunum hennar tengdist þróunarsamvinna einkum fiskimálum þar sem borgað var fyrir íslenska framleiðslu og tækniástoð (Stefnumið Íslands, 2005). Íslensk þróunarsamvinna virðist því að hafa fylgt alþjóðlegum straumum í þróunarmálum þar sem megin áhersla í íslenskum þróunarverkefnum var frá upphafi á framleiðsluþætti sem taldir voru geta aukið hagvöxt í þróunarlöndum.

Um aldamótin fóru nýjar áherslur að ryðja sér til rúms í alþjóðlegum þróunarmálum þar sem félagslegar áherslur urðu meira áberandi. Meðal annars var farið að nýta íþróttir og menntun í auknum mæli í þróunarsamvinnu og á síðastliðnum tíu árum hafa íþróttir verið notaðar til að nálgast alþjóðleg þróunarmarkmið eins og þúsaldarmarkmið SP (Van Eekeren, 2006). Á svipuðu tíma urðu töluverðar breytingar á áherslum í íslenskri þróunarsamvinnu með auknum stuðningi við ákveðna geira og eignarhald á verkefnum (Stefnumið Íslands, 2005). Með því að styðja við ákveðna geira og einstök verkefni tengdum til dæmis menntun og heilsu urðu félagsleg verkefni því meira áberandi hjá ÞSSÍ. Félagslegur stuðningur ÞSSÍ í Kalangala héraði rímar við alþjóðlegar áherslur í þróunarmálum þar sem markmiðið er ekki eingöngu að styðja við framleiðsluþætti sem geta með beinum hætti aukið hagvöxt heldur að styðja einnig við félagslega þætti. „Þróun mannfólksins byggir á grundvallarhugmynd varðandi þróun sem byggir á því að auka lífsgæði frekar heldur en að auka hagvöxt þar sem fólk býr því hagvöxtur er aðeins hluti af lífsgæðum fólks.“ (Amartya Sen vitnað í af Þróunarmálastofnun SP 2008c, bls. vantar). Þróunarsamvinna sem stuðlar að bættum lífsgæðum fólks eykur einnig valkosti þess (Mahbub ul Haq vitnað í af Þróunarmálastofnun SP, 2008e). Skákverkefnið í Namibíu er gott dæmi um íslenskt þróunarverkefni sem hafði það að leiðarljósi að auka valmöguleika fólks sem bjó við bág lífsskilyrði. „...[F]ormúlan var þessi að fara og finna fólk sem að kannski hefur ekki tækifæri eða aðstæður til að

þróa sína hæfileika eða kannski fólk sem að er afskiptalaust og stuðla að því að gefa þeim skákbúnað, veita þeim kennslu og reyna að koma þeim af stað“ (Henrik).

Stefnur og straumar í íslenskri þróunarsamvinnu virðast því haldast nokkuð vel í hendur við alþjóðlega þróunarsamvinnu. Engu að síður virðist íslensk þróunarsamvinna ekki hafa fylgt alþjóðlegum straumum varðandi íþróttir og þróunarsamvinnu (Sameinuðu þjóðirnar, 2006) þar sem íþróttir hafa hingað til verið mjög takmarkaður hluti af þróunarmálum Íslands og sum þau verkefni sem hafa nýtt íþróttir í þróunarsamvinnu virðast hafa sprottið upp fyrir hálfgerða tilviljun. Kristian lýsir í þessu samhengi upphafi skákverkefnisins í Namibíu: „Úti í Windhoek þar sem að íslenska sendiráðið er... ..þar vinnur... eða á þeim tíma var sem sagt forseti skáksambands Namibíu og einhvern tíman hljóta þessir menn að hafa spjallað í lyftunni og þá kviknaði þessi hugmynd...“ (Kristian). Tilviljun réði því einnig að íþróttafélagið Kraftaverkin í Malaví var stofnað. Guðbjörg og Benedikta, nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar, áttu upphaflega að starfa á heilsugæslu en vegna tafa á viðgerð og viðhaldi heilsugæslunnar brugðu þær á það ráð að stofna íþróttafélag eftir að hafa náð að virkja krakka í nágrenninu með íþróttum og leikjum. Guðbjörg segir svo frá tilviljunarkenndri fæðingu íþróttafélagsins Kraftaverkin: „...[Þ]að var hrikalega lítið að gera á þessari heilsugæslu þannig að við bara þróuðumst ósjálfrátt út í þetta íþróttaverkefni“. Þegar þróunarverkefni eru skipulögð er heppilegast að undirbúa slík verkefni með kostgæfni, aðgerðaráætlun og góðum fyrirvara (Bailey, 2008). Verkefnin liðu engu að síður ekki fyrir tilviljunarkennt upphaf sitt að neinu marki enda voru fjölmargir aðrir þættir sem komu við sögu og stuðluðu að velgengni þeirra. Til þess að íþróttapróunarverkefni gangi vel þurfa margir mismunandi þættir að haldast í hendur (Cabos Report, 2006).

Aðspurð hvort nota ætti íþróttir með frekari hætti í þróunarsamvinnu sagði Drífa að framtíðarverkefni ÞSSÍ kæmu eflaust til með að innihalda menntun og íþróttir. „Ég held að almennt ætti menntun að vera í þeim pakka ég býst við að það verði fleiri svona verkefni sem að verða sett á svona og ég get örugglega séð menntun sem einn af helstu þáttunum í svona verkefnum, grunnskólamenntun og þá íþróttakennsla líka“. Þó svo að íþróttir hafi ekki verið stór hluti af íslenskum

þróunarverkefnum hingað til mætti ætla að meiri áhersla verði lögð á íþróttir í framtíðarverkefnum ÞSSÍ. Skákverkefnið í Namibíu er til að mynda dæmi um nýjar nálganir í íslenskri þróunarsamvinnu þar sem lögð var meiri áhersla á félagslega þætti þar sem íþróttir voru nýttar sem helsta hreyfiafl verkefnisins. „Hugmyndin var sko eins og þeir [ÞSSÍ] lýstu þessu fyrir okkur að þeir vildu athuga þetta með Namibíu af því að þeir vildu vita hvort að menning eða íþróttir væru eitthvað sem að hægt væri að nýta í þessum tilgangi...“ (Kristian). Til marks um enn frekari breytingar á stefnum í þróunarsamvinnu á Íslandi tóku gildi ný lög árið 2008 (Frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, 2007-2008) sem gefa ÞSSÍ aukna möguleika á að styðja við einstök verkefni án þess að þurfa að hafa umsjón með daglegum rekstri þeirra. Lögin opna meðal annars möguleika fyrir ÞSSÍ til að styðja við bakið á íþróttaverkefnum sem hafa sannað gildi sitt líkt og *Physically Active Youth* (PAY) verkefni sem er dæmi um þróunarverkefni sem nýtt hefur íþróttir á árangursríkan hátt (Cabos Report, 2006).

Íslendingar hafa með takmörkuðum hætti nýtt sér íþróttir í þróunarverkefnum. Á síðustu árum hafa félagsleg verkefni öðlast meiri sess í þróunarverkefnum ÞSSÍ þar sem meðal annars var sett upp skákverkefni í Namibíu. Ef íþróttir verða nýttar með frekari hætti í íslenskri þróunarsamvinnu er ekki úr vegi að líta til reynslu þeirra aðila sem unnið hafa með íþróttir í þróunarsamvinnu.

8.2 Hvers vegna íþróttir?

Upphaf íþróttafélagsins Kraftaverkin var mjög tilviljunarkennt þar sem stúlkurnar byrjuðu að þjálfra nokkra krakka í fótbolta og leikjum og ákváðu í framhaldinu að stofna íþróttafélagið Kraftaverkin. Hvers vegna ákveða tveir *hjúkrunarfræðingar* að leggja frekari rækt við börn og unglunga í Malaví og afla tekna og tækja fyrir íþróttafélagið í stað þess að einbeita sé að einhverju sem tengist menntun þeirra meira?

Til að svara þessari spurningu ásamt titilspurningu kaflans er rétt að skoða hvers vegna viðmælendur rannsóknarinnar töldu að nýta ætti íþróttir í þróunarsamvinnu. Ágústa bar saman börn í Úganda og á Íslandi og sagði að það

skipti ekki máli frá hvoru landinu börnin kæmu öll börn ættu að geta leikið sér og þroskast í gegnum íþróttir. „Þannig að út frá því finnst mér það bara sjálfsagður, bara réttindi þeirra að vera boðið upp á íþróttakennslu...“. Samkvæmt þremur mikilvægum yfirlýsingum frá Sameinuðu þjóðunum þá eru íþróttir hluti af mannréttindum barna og unglunga (Barnasáttmáli SP 1989; Mannréttindayfirlýsing SP, 1948; Menningamálastofnun SP, 1978). Því má færa rök fyrir því að börn og unglingar ættu að hafa jafnan rétt á að stunda íþróttir burtséð hvort þau fæðist á Íslandi eða í Úganda. Þar sem réttu barna og unglunga til leiks og íþróttar er ótvíræður ættu þau að hafa möguleika á íþróttaiðkun og að nýta íþróttir sem leið að öðrum markmiðum.

Þátttaka barna og unglunga í íþróttum getur meðal annars haft jákvæð áhrif á samfélagsuppbyggingu og gert þau meðvitaðari og stoltari af samfélaginu sínu (Willis, 2000). Slík áhrif voru greinileg hjá þeim krökkum sem tóku þátt í íþróttastarfinu í Malaví. Guðbjörg segir að krakkarnir í íþróttafélaginu Kraftaverkin hafi ekki einungis orðið áhugasamari um námið heldur hafi áhrif íþróttaiðkunarinnar einnig komið í ljós með aukinni lífsgleði barnanna. „...[Á]huginn varð meiri á skólanum og bara að standa sig betur í lífinu almennt“. Ætla mætti því að íþróttarátttaka barnanna sem tóku þátt í íþróttafélaginu Kraftaverkin hafi veitt þeim aukna lífsfyllingu sem gert þau jákvæðari gagnvart samfélaginu. Íþróttaiðkun getur einnig dregið úr áhættuhegðun hjá börnum og unglungum (Andrews og Andrews 2003). Guðbjörg segir að ákveðin viðmið verði til innan hópa sem stunda íþróttir. „Það var til dæmis einn strákur þarna sem var tíu ára gamall og byrjaður að reykja og drekka og þá myndast svona hópþrýstingur um það að þetta sé ekki í lagi og svona verið að hvetja hann áfram í að standa sig betur og hætta þessari vitleysu“. Því er óhætt að segja að íþróttaiðkun í þessu tilfalli hafi ekki einungis skapað ákveðin viðmið innan hópsins eða samfélagsins í heild heldur virðist sem að hún geti líka komið í veg fyrir áhættuhegðun.

Kristian og Guðbjörg leggja mikla áherslu á að íþróttaiðkun veiti börnum og unglungum tilgang í lífinu og gefi þeim tækifæri á að þroskast í hóp þar sem þau læra meðal annars að taka sjálfstæðar ákvarðanir en einnig að tileinka sér samvinnu og

stefna að sameiginlegum markmiðum. Guðbjörg segir meðal annars að börn og unglingar læri á fjölbreytni mannlífsins og hæfileikarnir sem þau læra í íþróttum geti nýst þeim í daglegu lífi. „...[Þ]au læra bara mannleg samskipti og hérna þau læra að það eru ekki allir eins og hérna þau læra á sína styrkleika og veikleika bæði í íþróttinni sjálfri og í samskiptum og ná að þroskast svo í samræmi við það“. Lífsleiknin og sú félagslega þátttaka sem börnin öðluðust í gegnum íþróttaiðkunina er vís til að nýtast þeim til frambúðar (Bailey, 2006; Conference board of Canada, 2005). Að auki má álykta að íþróttapróunarverkefnin hafi stuðlað að félagslegum þroska þeirra barna sem tóku þátt og gert þeim betur kleift að vinna með öðru fólki að sameiginlegum markmiðum.

Keim (2006) bendir á að vegna vinsælda íþróttanna beri að nýta þær í auknum mæli til að stuðla að ríkari samfélögum í þróunarlöndum. Allir viðmælendur eru sammála um aðdráttarafl og vinsældir íþróttanna. Öll tala þau um hversu auðvelt það er að ná til barna og unglunga í gegnum íþróttir. Henrik segir frá því hvernig þeir nýttu sér vinsældir íþróttanna til að ná til alls samfélagsins í Namibíu. „...[Y]ou get in contact with big groups of people and you are, can really involve the society. I'm also talking about politicians and such, because we had politicians also coming into the project from the Namibian side and sponsor us. So that the Namibian chess federation was able to get sponsors and such“. Það sama er uppi á teningnum í byggðapróunarverkefninu í Kalangala þar sem skólaíþróttir eru notaðar til að laða börn að skólanum. Helsta vandamálið er varðar menntun í Kalangala er mikið brottfall úr skóla í þriðja bekk og er vonast til að með áherslu á skólaíþróttir dragi úr þessu brottfalli. „Vandamálin þar [Úganda] eru ekki að vantar húsnaði eða kennara heldur að það vantaði að laða börnin í skólann...“ (Ágústa). „...[É]g vonast til þess að þau hangi lengur í skólanum að krakkarnir komi aftur í fjórða og fimmta bekk að þau detti ekki út í þriðja bekk“ (Drífa). Önnur íþróttapróunarverkefni hafa náð góðum árangri í að draga úr brottfalli og auka ástundun barna og unglunga (Hedstrom og Gould, 2004). Til að mynda ljúka nú fleiri nemendur í 10. bekk samræmdu prófi í Namibíu eftir að hafa tekið þátt í íþróttapróunarverkefninu MYSA (Cabos Report, 2006). Allir viðmælendur eru því sammála um að hægt sé að nýta

vinsældir íþróttar til að ná til barna og unglunga og stuðla með því að jákvæðum samfélagslegum áhrifum. Ef að litið er til vinsælda íþróttar og víðtækra áhrifa þeirra á samfélagið er ljóst að þær eru góð leið til að ná til barna og unglunga í þróunarlöndum auk þess sem þær virðast opna dyr að mörgum öðrum hópum í samfélaginu.

Íþróttarþróunarverkefni þurfa hvorki að vera kostnaðarsöm né flókin í uppsetningu til þess að hafa jákvæð áhrif á þátttakendur (Cabos Report, 2006). Ágústa segir til dæmis að kostnaður við íþróttahluta byggðarþróunarverkefnisins í Kalangala héraði hafi ekki verið mikill. „Þetta kostaði ekkert sérstaklega mikið, frekar ódýrt. Það var allavegana hver einasti skóli þarna, sem hver þeirra fékk einn svona pakka...“. Litlu var til kostað við að koma íþróttafélaginu Kraftaverkin á fót eða rétt um 100 þúsund krónum sem nýttust til að fjármagna og byggja helstu tæki og tól fyrir íþróttafélagið. Af þessu má draga þá ályktun að auðvelt er að halda kostnaði við íþróttaverkefni í lágmarki og að þau þurfi ekki að vera flókin í uppsetningu til þess að ná til töluverðs fjölda af börnum og unglungum.

Íþróttir hafa jákvæð áhrif á líkamlegan og andlegan þroska barna og unglunga og vegna menntunarlegra eiginlega íþróttar ætti öllum börnum að vera veitt tækifæri til að stunda íþróttir (Bailey og Dismore, 2004; Hedstrom og Gould, 2004). Allir viðmælendur voru sammála um að íþróttir gætu haft jákvæð áhrif á þroska og nám barna og unglunga í þróunarlöndum og enn frekar að íþróttaiðkun ætti að vera öllum börnum aðgengileg en erfitt hefur reynst að sanna bein tengsl milli námsárangurs og íþróttaiðkunar í rannsóknum (Coalter, 2005). Ágústa og Drífa lýsa áhrifum íþróttar á nám og þroska barna í Kalangala héraði: „...[P]eim fannst, skólayfirvöldum í héraðinu, strax vera bættur árangur barnanna. Veit ekki hvort það var íþróttakennslan eða skilurðu...“. Drífa er sammála um að erfitt sé að benda á einhvern einn þátt sem hefur bein jákvæð áhrif á börn í Kalangala héraði. Guðbjörg og Henrik eru hins vegar sannfærð um að íþróttir hafi jákvæð áhrif á námsárangur. Guðbjörg segir: „...[P]egar krökkum gengur vel í íþróttum þá eru svo miklar líkur á að þeim gangi vel í skóla líka“. Bailey telur að við réttar kringumstæðum geti íþróttir vissulega stuðlað að auknum vitsmunarþroska (Bailey, 2006). Þó erfitt sé að fullyrða

almennt um bein jákvæð áhrif íþróttá á þroska og nám barna og unglunga er hægt sýna fram á bein tengsl við bættan námsárangur sé íþróttakennsla hluti af víðtækri menntun barna og unglunga (Patriksson, 1995). Byggðaðróunarverkefnið í Kalangala héraði í Úganda er margþætt verkefni þar sem menntun og þroski barna í gegnum íþróttaiðkun er hluti af víðtækari menntaáætlun í héraðinu og því mætti ætla að íþróttir eigi eftir að hafa jákvæð áhrif á menntun barna í héraðinu.

Í upphafi þessa kafla var þeirri spurningu varpað fram hvers vegna tveir hjúkrunarfræðingar ákváðu að leggja rækt við börn og unglunga í Malaví í gegnum íþróttir í stað þess að einbeita sér frekar að einhverju sem tengist menntun þeirra meira. Segja má að sjálfar hafi þær ekki valið íþróttir heldur hafi íþróttir valið þær. Það reyndist stúlkunum sérlega auðvelt að nýta íþróttir og leiki í upphafi til þess að virkja börn og unglunga á svæðinu. Þörfin fyrir íþróttir var því til staðar auk þess sem aðdráttaraflið var mikið. Verkefnið vatt upp á sig og fljótlega varð til heilt íþróttafélag sem þó var ekki kostnaðarsamt eða flókið í tilurð og uppsetningu. Aðrir viðmælendur nefndu svipaðar ástæður fyrir því hvers vegna ætti að nota íþróttir í þróunarsamvinnu. Skákverkefnið í Namibíu gekk vonum framar að sögn Kristians og Henriks vegna þess að skákin reyndist vinsæl og laðaði að mismunandi hópa í samfélaginu og ekki síst vegna þeirra jákvæðu félagslegu og sálrænu áhrifa sem voru greinileg í fari þeirra barna sem tóku þátt í verkefninu. Drífa og Ágústa töldu að íþróttirnar í byggðaðróunarverkefninu skipuðu mikilvægan sess vegna sérstaks aðdráttarafis og vinsælda. Þær töldu að íþróttirnar gætu stuðlað að fjölbreyttara og skemmtilegra skólaumhverfi sem skilaði sér vonandi í minnkuðu brottfalli og aukinni skóla ástundun. Þær nefndu einnig þann kost að íþróttir þurfa ekki að vera dýrar í uppsetningu eða framkvæmd til þess að hafa áhrif á og stuðla að auknum lífsægðum barna og unglunga í heilu héraði.

Nota ætti íþróttir í þróunarsamvinnu fyrst og fremst vegna þess að þær eru hluti af mannréttindum barna og unglunga. Einnig vegna þess að undir réttum kringum stæðum, til dæmis sem hluti af víðtækara menntakerfi, hafa þær möguleika á að stuðla að verulega jákvæðum áhrifum á nám og þroska barna og unglunga. Þær eru því einfalt, ódýrt og árangursríkt þróunartæki sem vegna vinsælda sinna nær

auðveldlega til barna og unglunga sem og annarra hópa samfélagsins. Allir viðmælendur tala mjög vel um íþróttir það ber þó að varast að gera íþróttum of hátt undir höfði þar sem íþróttir eru hluti af samfélögum og virði þeirra helst í hendur við *hvernig* íþróttir eru nýttar innan hvers samfélags.

8.3 Nauðsynlegir þættir

Til að þróunarverkefni sem nýta íþróttir beri tilætlaðan árangur þurfa þau að uppfylla ákveðna þætti (Ewing o.fl., 2002). Lágmarksskilyrði fyrir þroska barna og unglunga í gegnum íþróttir er aðgangur að íþróttum (Bailey, 2005). Mikilvægt er því að greina nauðsynlegar aðstæður til að geta veitt börnum og unglungum aðgang að íþróttum (Bailey, 2006). Henrik segir frá því að aðstæður á fátækum svæðum ollu því að erfitt reyndist að kenna börnum og unglungum skák. „For example in some poor areas it didn't make sense to go and teach the children chess because you know in some areas the children they don't get food... and they don't get their vitamins and so they are simply not capable of learning“ (Henrik). Af þessu má draga þá ályktun að þróunarsamvinna sem nýtir íþróttir er ekki líkleg til að bera tilætlaðan árangur ef börn og unglingar búa við aðstæður þar sem grunnþörfum þeirra er ekki sinnt. Samt sem áður mætti ætla að þau börn og unglingar sem búa við mestu fátæktina þyrftu mest á aðstoð og uppörvun að halda. Það virðist nokkuð harkalegt að útiloka ákveðna hópa frá íþróttaiðkun vegna næringaskorts því allir ættu að geta lært eitthvað. Drífa segir að íþróttir séu yfirleitt ekki aðgengilegar fyrir börn í fátækustu héruðum í Úganda: „... [Þ]að eru sko ákveðin forréttindi hjá krökkunum okkar að fá kennslu í þessu“. Fátækt og misskipting auðs í Úganda hefur því áhrif á að börn og unglingar þar í landi hafa ekki jafnan aðgang að íþróttum.

Grundvallarskilyrði fyrir því að börn og unglingar læri og þroskist í gegnum íþróttir er að þær séu hluti af námskrá eða heildstæðri menntastefnu þjóða (Bailey og Dismore, 2004). Drífa talar um að íþróttir séu álitnar sem nokkurs konar „extra curriculum activities“ en Ágústa bendir réttilega á að íþróttir eru hluti af námskrá í Úganda (Menntamálaráðuneyti Úganda, ártal vantar) og því beri að kenna íþróttir í skólum. Íþróttir virðast vera hálfgerð afgangsstærð í Úganda og það rímar við

alþjóðlegt viðhorf þar sem vægi íþróttanna í skólum hefur farið minnkandi þrátt fyrir að þær gegni mikilvægu hlutverki í menntun og þroska barna og unglunga (Bailey og Dismore, 2004). Í Úganda sitja íþróttir á hakanum þrátt fyrir að vera hluti af námskrá og þar með mikilvægur hluti af þroska- og námsferli barna og unglunga.

Íþróttaverkefnum sem vegnar vel eiga það sameiginlegt að vera stjórnað af áhugasömum leiðbeinendum, sem helst eru heimafólk. Mikilvægt þykir einnig að stuðla að jákvæðu andrúmslofti og leggja áherslu á skemmtun og leik (Ewing o.fl., 2002; Frisby, 1997). Henrik lýsir mikilvægi leiksins í námi og þroska barna og unglunga í skákverkefninu. „And I think the best way to really have children to develop is if they have fun and if they are learning by playing then it's just general I think“. Í gegnum leik er stöðugt verið að minna á jákvæð félagsleg gildi þar sem félagsleg samskipti og jákvæð hegðun lærist. Félagsleg samskipti innan íþróttaverkefna skiptir einmitt máli ef íþróttir eiga að stuðla að jákvæðum áhrifum á börn og unglunga (Shields og Bredemeier, 1995). Guðbjörg telur að góð stemning og skemmtileg umgjörð hafi gert það að verkum að ungliðar vildu starfa við íþróttafélagið. Af þessu má draga þá ályktun að einn af lykilþáttum farsælla íþróttapróunarverkefna sé góður liðsandi og að mikilvægt sé að reyna að skapa skemmtilegt andrúmsloft í leik og starfi.

Í skákverkefninu er lagt mikið upp úr áhugasemi leiðtoga. Henrik segir svo frá: „It's also how much you put into it if you come and you are very motivated and enthusiastic“. Við stofnun íþróttafélagsins Kraftaverkin var að auki litið til mikilvægi þess að innvinkla ungt heimafólk til að veita þeim ábyrgð og hlutverk innan verkefnisins. Ungliðar frá Malaví gegna mikilvægu hlutverki í íþróttafélaginu Kraftaverkin þar sem þeir skipa helstu stöður í stjórnun og sjá um rekstur íþróttafélagsins. Eitt af skilyrðunum fyrir því að íþróttaverkefni gagni vel er einmitt að ungt fólk starfi á jafnréttisgrundvelli með fullorðnum (Andrews og Andrews; 2003, Bailey og Dismore, 2004; Voyle, 1989). Verkefni þar sem ungt heimafólk starfar við hlið fullorðinna eru líkleg til að blómstra og lifa lengur heldur en verkefni þar sem ungt fólk kemur ekki nálægt ákvarðanatöku og heimamenn taka ekki þátt. Með því að virkja heimafólk til þátttöku og stjórnar í íþróttapróunarverkefnum eru meiri

líkur á varnaleika verkefnanna (Frisby, 1997; Martinek og Hellison, 1997). Í skákverkefninu í Namibíu var reynt að tryggja varanleika verkefnisins með því að starfa náið með skáksambandi Namibíu. Henrik og Kristian geta fylgst með því hvernig skáklífið gengur fyrir sig í Namibíu til dæmis með því að fylgjast með heimasíðu skáksambands Namibíu. Þeir eru sannfærðir um að skákin sé í góðum farvegi hjá skáksambandi Namibíu. Íþróttaverkefni ganga yfirleitt betur sé þeim stjórnad af heimafólki sem þekkir vel til aðstæðna (Frisby, 1997; Martinek og Hellison, 1997).

Patriksson (1995) fjallar um mikilvægi langtímaskuldbindingar þegar kemur að íþróttaverkefnum. Guðbjörg og Benedikta lögðu mikið upp úr því að þátttakendur í íþróttafélaginu Kraftaverkin settu sér langtímamarkmið. Við stofnun félagsins létu þær börn og unglunga gróðursetja ávaxtatré sem tákni um langlífi íþróttafélagsins. Þær lögðu líka áherslu á að meðlimir íþróttafélagsins yrðu að hugsa um félagið eins og þeirra eigið með þolinmæði og þrautseigju að leiðarljósi. Meðlimir íþróttafélagsins þurftu einnig að borga lítilræði í félagsgjöld en Guðbjörg sagði að aðallega hefðu félagsgjöldin verið hugsuð sem leið til að þátttakendur myndu til skuldbindingar og tæku þannig starfið alvarlega. Íþróttir eru vissulega ætlaðar fyrir öll börn og unglunga og eiga að byggjast upp á leik og skemmtun en það virðist ekki síður mikilvægt að leggja áherslu á aðra þætti svo sem skuldbindingu, ábyrgð og virðingu fyrir starfinu. Þessi gildi endurspeglast í starfi íþróttafélagsins Kraftaverkin sem og í starfi Henriks og Kristians í gegnum skákverkefnið í Namibíu. Henrik og Kristian leggja meðal annars áherslu á mikilvægi þess að þátttakendur í skákverkefninu beri virðingu fyrir skákíþróttinni, keppnishaldinu og sjálfum sér. Henrik segir að börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður hefðu meðal annars fengið aukna tiltrú á sjáfan sig í gegnum keppni þar sem þau þurftu að standa á eigin fótum. „Wow I did it! Nobody helped me nobody could make my moves. And then they develop. Then they have to trust in themselves, and this trust will go on you know“. Allir viðmælendur voru í raun sammála um ágæti þess að börn og unglingar kepptu í íþróttum. Í öruggu umhverfi þar sem reglur eru hafðar að leiðarljósi geta íþróttir stuðlað að því að börn og unglingar læri heilbrigða samkeppni (Seefeldt og

Ewing, 2002).

Reynsla starfsfólks íþróttaverkefna skiptir miklu máli ef þau eiga að vera farsæl (Martinek og Hellison). Drífa sem hefur mesta reynslu af viðmælendum ræðir um þau vandamál sem fylgja því að starfa í þróunarlöndum á annan hátt en aðrir viðmælendur: „Spilling og þetta sem er náttúrulega bara viðloðandi og um að gera að vita að hlutirnir ganga hægt fyrir sig og við því er ekkert að gera“. Kristian, Henrik og Guðbjörg fjalla hins vegar oft um að þau hefðu viljað vera búin að kynna sér menningu þeirra landa betur sem þau störfuðu í „...Mín upplifun var... að koma til Namibíu... mér fannst það vera eins og lenda á annarri plánetu... mér fannst þetta bara vera á allt öðrum tíma í allt öðrum heimi“ (Kristian). Munurinn á upplifun Drífu og hinna viðmælendanna felst ef til vill í því að Drífa hefur töluvert meiri reynslu af starfi í þróunarlöndum og er því meðvitaðri um ólíkar aðstæður, menningarmun og þær hindranir sem geta orðið á veginum í þróunarsamvinnu. Þeir sem hyggja á að setja upp íþróttapróunarverkefni ættu því að kynna sér aðstæður vel áður en af stað er farið af stað meðal annars til að koma í veg fyrir „menningarsjokk“ eða árekstra við stofnanir eða heimafólk. Guðbjörg segir frá því þegar stúlkurnar lentu í árekstri við Lútersku kirkjuna í Malaví þar sem markmið stúlkunnanna og væntingar kirkjunnar fóru ekki saman. Kristian segir frá svipaðri reynslu þar sem heimamenn höfðu aðrar væntingar heldur en starfsmenn verkefnisins. „Þannig að í svona þróunarstarfi þá er það svolítið sko þeir sem eru á hinum endanum... þeir hafa ekkert endilega sömu markmið og við sem komum færandi hendi sko“.

Henrik segir að það hafi skipt sköpum að vera með skýr markmið að leiðarljósi í upphafi verkefnisins og að reynsla þeirra með skákverkefni Hróksins á Íslandi og Grænlandi hafi auðveldað þeim starfið í Namibíu. Enda skiptir það mestu máli samkvæmt Bailey (2008) að koma fram með skýra aðgerðaráætlun sem segir til um hlutverkaskiptingu, valddreifingu og markmið. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að draga úr áhrifum reynsluleysis starfsmanna íþróttaverkefna í þróunarlöndum til dæmis með því að veita fræðslu og upplýsingar um viðkomandi land og þjóð, kynningu á öðrum sambærilegum verkefnum eða að vinna sem hluti af stærra verkefni. Mikilvægt er að hafa góða hugmynd um hvernig á að setja verkefnið upp

frá byrjun.

Margþættar nálganir eru nauðsynlegar til að stuðla að þroska og menntun barna og unglunga í íþróttaverkefnum. Mikilvægt er að gera greinarmun á nauðsynlegum aðstæðum (þ.e. þátttaka í íþróttum) og nægilegum aðstæðum (þ.e. aðstæður sem eiga þátt í útkomunni). Vegna menntunarlegs gildis íþróttar ættu þær að vera hluti af námskrá eða menntastefnu allra landa og þá eru þróunarlönd engin undantekning. Mikilvægt er að tryggja aðkomu heimafólks og hlutdeild barna og unglunga að íþróttarþróunarverkefnum til þess að tryggja varanleika þeirra. Reynsla þeirra sem starfa við þróunarsamvinnu virðist skipta töluverðu máli og geta dregið úr óþarfa árekstrum og óvæntum upptökum en skýr aðgerðaráætlun virðist skipta höfuð máli til þess að íþróttarþróunarverkefni skili tilætluðum árangri og að börn og unglingar upplifi þau á jákvæðan máta.

Einn af þáttum farsælla íþróttarþróunarverkefna er keppni þar sem börn geta keppt í öruggu umhverfi og látið til sín taka þrátt fyrir að búa við bág félagsleg skilyrði. Keppni getur því átt hlut í að draga úr félagslegri mismunun sem byggir á efnahagslegri misskiptingu. Nám og þroski barna og unglunga í gegnum leik helst í hendur við ákafa og ástundun líkt og í líkamleg þjálfun. Skemmtilegt umhverfi þar sem börn og unglunga eru hvött til félagslegrar þátttöku er því lykill að því að geta lifað, lært og leikið sér.

9. Lokaorð

Í upphafi ritgerðarinnar var fjallað um hryðjuverk sem framið var á Ólympíuleikunum árið 1972. Ástæðan fyrir því að íþróttaviðburður varð fyrir valinu eru miklar vinsældir íþróttanna.

Íþróttir eru mjög vinsælar á Íslandi og mikið af sjálfböðastarfi unnið í kringum íþróttafélög á Íslandi. Íþróttaverkefni sem fjallað var um í þessari ritgerð eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Fyrsta íþróttapróunarverkefni Íslendinga tengdist handbolta sem meðal annar hefur verið kallaður „þjóðaríþrótt“ Íslendinga. Handboltaverkefnið var barn síns tíma og næsta verkefni sem vert er að minnast á er skákverkefni í Namibíu. Skákverkefnið var hluti af aukinni áherslu Próunarsamvinnustofnunnar Íslands á félagsleg verkefni. Annað verkefni sem tengist auknum áhersum ÞSSÍ á félagsleg gildi er byggðapróunarverkefnið í Kalangala héraði í Úganda. Munurinn á verkefnunum tveimur er þó töluverður þar sem skákverkefnið í Namibíu snérist alfarið um íþróttir á meðan íþróttir eru einungis hluti af byggðapróunarverkefninu. Íþróttafélagið Kraftaverkin í Malaví sker sig frá öðrum verkefnum sem tekin voru fyrir í þessari ritgerð því það tengist ekki Próunarsamvinnustofnun Íslands. Verkefnið er runnið undan rifjum tveggja stúlkna og það tengist samstarfi Hjálparstarfi kirkjunnar og Lútersku kirkjunnar í Malaví. Skákverkefnið og íþróttafélagið Kraftaverkin hafa nokkuð tilviljunarkennt upphaf en skákverkefnið byggði á skýrri aðgerðaráætlun frá upphafi verkefnisins og reynslu skákfélagsins Hróksins af svipuðum verkefnum á Íslandi og Grænlandi. Byggðapróunarverkefnið í Kalangala héraði er langtímaverkefni og íþróttir eru meðal annars notaðar til að uppfylla námskrá í Úganda og gera skólaumhverfið skemmtilegra og fjölbreyttara til að draga úr brottfalli nemenda.

Einfalt er að ná til samfélagsins í gegnum íþróttir og íþróttapróunarverkefni þurfa hvorki að vera dýr né flókin í uppsetningu til þess að hafa jákvæð áhrif á menntun og þroska barna unglunga í þróunarlöndum. Undir ákveðnum kringumstæðum geta íþróttir haft jákvæð áhrif á nám og þroska barna og unglunga en varast bera að gera íþróttum of hátt undir höfði því virði þeirra helst í hendur við

aðra samfélagslega þætti. Aðkoma heimamanna er einn af lykilþáttum farsælla íþróttapróunarverkefna og leiðtogar innan verkefna þurfa að vera mjög áhugasamir og helst að hafa reynslu af þróunarmálum eða öðrum sambærilegum verkefnum. Áhugasamir leiðtogar drífa börn og unglunga með sér og reynsla í þróunarmálum getur komið í veg fyrir óþarfa „menningarsjokk“ á framandi slóðum. Sambærileg reynsla frá öðrum svæðum auðveldar uppsetningu verkefna ef skýr aðgerðaráætlun er til staðar. Börn og unglingar eiga að haf sitt að segja varðandi aðgerðaráætlun íþróttapróunarverkefna og gefa á dugmiklu ungu fólki tækifæri á að verða leiðtogar innan verkefnanna. Þannig er meðal annar hægt að tryggja varanleika íþróttapróunarverkefna og þiggjendur í þróunarsamvinnu verða gefendur.

Sá sem hefur á einhvern hátt tengst íþróttum kannast við frasann „við erum ekki með til að vinna heldur til að taka þátt“. Þátttaka og keppni eru ekki andstæðir pólar heldur mikilvægir þættir sem ber að huga að við uppsetningu íþróttapróunarverkefna. Þátttaka barna og unglunga er grundvallarskilyrði fyrir tilurð íþróttapróunarverkefna og tryggja ætti öllum börnum og unglungum aðgang að íþróttum þar sem þær eru hluti af þeirra mannréttindum. Keppni í öruggu umhverfi þar sem reglur eru hafðar að leiðarljósi getur dregið úr félagslegri mismunum þar sem börn og unglingar keppa á jafnréttisgrundvelli.

Íþróttir hafa ekki verið nýttar í miklum mæli í íslenskri þróunarsamvinnu en á síðastliðnum áratug hefur PSSÍ lagt aukna áhersla á ýmis verkefni sem byggja á félagslegum grunni svo sem byggðapróunarverkefnið í Kalangala og skákverkefnið í Namibíu. Íþróttir eru því og verða hluti af framtíðarverkefnum PSSÍ ef stofnunin heldur áfram á svipaðri braut. Nýleg lög gefa til að mynda stofnuninni möguleika á að styðja við einstök íþróttapróunarverkefni án þess að koma að daglegum resktri þeirra. Íþróttafélagið Kraftaverkin er dæmi um hvernig einstaklingar og frjáls félagasamtök hafa komið að íslenskri þróunarsamvinnu með góðum árangri.

Þeir aðilar sem hyggjast setja íþróttapróunarverkefni á fót þurfa að huga vel að þátttöku heimamanna, leggja áherslu á keppni og sýna verkefninu einlægan áhuga. Auk þess er mikilvægt að byggja á reynslu eða verða sér úti um viðeigandi fræðslu. Sá mikli fjöldi Íslendinga sem starfar í kringum íslensku íþróttahreyfinguna

býr yfir töluverðri reynslu varðandi uppsetningu og skipulag íþróttaviðburða. Líta má á reynslu þessa fólks sem óplægðan akur sem nýta ætti með frekari hætti í íslenskum íþróttapróunarverkefnum. Nota ætti íþróttir í auknum mæli í íslenskum þróunarverkefnum vegna þess að með íþróttum er hægt að hafa jákvæð áhrif á nám og þroska barna og unglunga. Íþróttir hafa gífurlegt aðdráttarafl og eru vinsælasta skipulagða afþreying barna og unglunga. Með íþróttum má því á ódýran og einfaldan máta ná til fjölda ungs fólks og uppfylla hluta af mannréttindum þeirra.

Heimildir

- Andrews, J. P. og Andrews, G. J. (2003). Life in a secure unit: The rehabilitation of young people through the use of sport. *Social Science and Medicine*, 56, 531-50.
- Ágústa Gísladóttir. (2009). *Mikilvægi frjálsra félagsamtaka í þróunarsamvinnu*. Sótt 15. september 2009 af [http://www.iceida.is/media/pdf/NGOmalting 30. mars TSSI.ppt](http://www.iceida.is/media/pdf/NGOmalting%2030.mars%20TSSI.ppt).
- Bailey, R. (2008). Youth sport and social inclusion. Í N. L. Holt (Ritstj.), *Positive youth development through sport* (bls. 85-96). Routledge: New York.
- Bailey, R. (2006). Physical education and sport in schools: A review of benefits and outcomes. *The Journal of School Health*, 76, 397-401.
- Bailey, R. (2005). Evaluating the relationship between physical education, sport and social inclusion. *Educational Review*, 57, 71-90.
- Bailey, R. og Dismore, H. (2004). *Spined: The role of physical education and sport in education*. Aþena: ICSSPE. Sótt 23. maí 2009 af <http://www.icsspe.org/members/bulletin/druckenbulletin.php?ver=archiv/Bulletin44/texte&nr=No.44>.
- Bale, J. og Cronin, M. (Ritstj.) (2003). *Sport and postcolonialism*. New York: Berg Publishers.
- Barnasáttmáli SP*. (1989). Sótt 16. júlí 2009 af [http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn i heild/](http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/).
- Benedikta Guðrún Svavarsdóttir og Guðbjörg Bergmundsdóttir. (2009a). Ógleymanleg dvöl í Malaví. *Margt smátt*, 2, 8-9.
- Benedikta Guðrún Svavarsdóttir og Guðbjörg Bergmundsdóttir. (2009b). *Fréttabréf*. Sótt 12. ágúst 2009 af <http://www.stefanjon.is/default.asp?content=frettir&frId=3&id=431>.
- Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2009, 27. júlí). Fátæk lönd kenna á íslensku kreppunni. *Morgunblaðið*. Sótt 19. september 2009 af http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/07/27/fataek_lond_kenna_a_islenskukreppunni/.
- Burnett, C. (2001). Social impact assessment and sport development: Social spin-offs of the Australia-South Africa junior sport program. *International Review for the Sociology of Sport*, 36, 41-57.

- Cameron, M. og MacDougall, C. (2000). Crime prevention through sport and physical activity. *Trends and Issues in Crime and Criminal Justice*, 165. Sótt 21. maí 2009 af <http://www.aic.gov.au/publications/tandi/ti165.pdf>.
- Cabos Report*. (2006, janúar). Sótt 20. júlí 2009 af <http://www.thecommonwealth.org/Internal/144435/cabos/>.
- Canadian public opinion survey on youth and sport. (2002, júlí). *Final report*. Ottawa: Canadian Center for Ethics in Sport.
- Chess Namibia – final. (2006). *Undirbúningsskýrsla*. Reykjavík: ÞSSÍ.
- Coalter, F. (2005). *The social benefits of sport: An overview to inform the community planning process*. Edinborg: SportScotland.
- Conference board of Canada. (2005). *Strengthening Canada: The socio-economic benefits of sport participation in Canada*. Ottawa: Conference board of Canada.
- Corbin, C., Pangrazi, R. og Welk, G. (1994). Toward an understanding of appropriate physical activity levels for youth. *Physical Activity and Fitness Research Digest*, 1, 1-8.
- David, B. (1990). *Distorted development: Mexico in the world economy*. Boulder, CO: Westview Press.
- Duncan, J. og Ley, D. (Ritstj.) (1994). *Place, culture, representation*. London: Routledge.
- Einar Ágústsson. (1976, apríl). *Skýrsla utanríkisráðherra um alþjóðamál*. Sótt 16. febrúar 2008 af <http://www.althingi.is/altext/97/s/pdf/0522.pdf>.
- Escobar, A. og Alvarez, S. E. (Ritstj.) (1992). *The making of social movements in Latin America, identity, strategy and democracy*. Boulder, CO: Westview Press.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Esteva, G. (1992). Development. Í W. Sachs (Ritstj.), *The development dictionary: A guide to knowledge as power* (bls. 6-25). Johannesburg: Witwatersrand University Press.
- Evrópuráðið. (2007). *White paper on sport*. Brussel: Evrópuráðið. Sótt 11. Júlí 2009 af http://ec.europa.eu/sport/white-paper/whitepaper8_en.htm.
- Evrópuráðið. (2001). *The European sports charter*. Brussel: Evrópuáðið.

- Ewing, M., Gano-Overway, L., Branta, C. og Seefeldt, V. (2002). The role of sports in youth development. Í M. Gatz, M. Messner og S. Ball-Rokeach (Ritstj.), *Paradoxes of youth and sport* (bls. 31-47). Albany: State University of New York Press.
- Frisby, W., Crawford, S. og Dorer, T. (1997). Reflection on participatory action research: The case of low income women accessing local physical activity service. *Journal of Sport Management*, 11, 8-28.
- Frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2007-2008.* (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.). Sótt 16. mars 2009 af <http://www.althingi.is/altext/135/s/0705.html>.
- Gísli Sigurðsson. (2001, 17. október). Hvaða íþróttir stunduðu víkingar og hver var afstaða þeirra til líkamans? *Vísindavefurinn*. Sótt 20. júlí 2009 af <http://visindavefur.is/?Id=1913>.
- Golden, M. (1998). *Sport and society in ancient Greece*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Gylfi Magnússon. (2004). Hvað er átt við þegar talað er um vergar þjóðartekjur? *Vísindavefurinn*. Sótt 24. júlí 2009 af <http://visindavefur.is/?id=4122>.
- Hedstrom, R. og Gould, D. (2004). *Research in youth sports: Critical issues status*. East Lansing Michigan: Michigan State University, Institute for the Study of Youth Sports.
- Henrik Danielsen og Kristian Guttesen. (2005). *Chess project report*. Reykjavík: ÞSSÍ.
- Hoselitz, B. F. (1960). *Sociological aspects of economic growth*. Glencoe, Ill: Free Press.
- Houlihan, B. (1994). *Sport and international politics*. New York: Harvester Wheatsheaf.
- Íþróttasamband Íslands. (e.d.). *Fyrirmyndarfélag. Handbók*. Sótt 12. júlí 2009 af http://www.isisport.is/isinew/fyrirm/handbok/Kafli_7.pdf.
- Keim, M. (2006). *Sport as opportunity for community development and peace building in South Africa*. Sótt 22. ágúst 2009 af <http://www.toolkitsportdevelopment.org/html/resources/F7/F77910DF-CF22-479F-952F-72ED0E908C82/Marion.doc>.
- Kvale, S. (2008). *Doing interviews*. London: Sage Publication.
- Keys, B. (2002, mars). *Sport and international relations*. Sótt 2. apríl 2007 af <http://www.ohiou.edu/shafr/NEWS/2002/MAR/SPORTS.HTM>.

- Larson, R. W. (2000). Toward a psychology of positive youth development. *American Psychologist*, 55, 170-183.
- Larson, R. og Verma, S. (1999). How children and adolescents spend time across cultural settings of the world: Work play and developmental opportunities. *Psychological Bulletin*, 125, 701-36.
- Leys, C. (2005). The rise and fall of development theory. Í M. Edelman og A. Haugerud (Ritstj.), *The anthropology of development and globalization* (bls. 109-125). Malden, MA: Blackwell Publishing.
- Loewe, M. (2009, 30. júlí). Developing nations must prepare for rapidly growing, aging population. *Deutsche Welle*. Sótt 30. júlí 2009 af <http://www.dw-world.de/dw/article/0,,4465354,00.html>.
- Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands nr. 43/1981.
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. (1948). Sótt 28. júlí 2009 af <http://www.un.org/en/documents/udhr/>.
- Martinek, T. J. og Hellison, D. R. (1997). Fostering resiliency in underserved youth through physical activity. *Quest*, 49, 34-49.
- Menningarmálastofnun SP. (1978). *Charter of physical education and sport*. París: Menningarmálastofnun SP. Sótt 10. júní 2009 af http://www.unesco.org/education/nfsunesco/pdf/SPORT_E.PDF.
- Menntamála- og íþróttaráðuneyti Úganda. (e.d.). *Department of physical education and sports-profile*. Sótt 20. September 2009 af <http://www.education.go.ug/Physical%20Education%20and%20Sports/DEPARTMENT%20OF%20PHYSICAL%20EDUCATION%20AND%20SPORTS-PROFILE.pdf>.
- Menntamálaráðuneytið. (2006, desember). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Almennur hluti. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.
- Morse, J. (Ritstj.) (1992). *Qualitative health research*. Newbury Park, CA: Sage Publication.
- Nielsen, N. K. (2005). *Body, sport and society in Norden. Essays in cultural history*. Aarhus: Aarhus University press.

- Patriksson, G. (1995, 17-18. maí). *The significance of sport for society: Health, socialisation, economy – a scientific review*. Samið fyrir 8. ráðsstefnu evrópskra ráðherra íþrótta. Lissabon, Strasbourg, Frakkland: Evrópuráðið.
- Payne, A. (2005). *The global politics of unequal development*. London: Palgrave Macmillan.
- Peet, R. og Hartwick, E. R. (1999). *Theories of development*. New York: The Guilford Press.
- Rostow, W. W. (1960). *The stages of economic growth: A non-communist manifesto* (The five stages of growth – a summary, bls. 4-16) Cambridge: Cambridge University Press. Sótt 10. maí 2009 af <http://www.mtholyoke.edu/acad/intrel/ipe/rostow.htm>.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2009). *Unglingar og Sameinuðu þjóðirnar*. Sótt 16. júlí 2009 af <http://www.un.org/esa/socdev/unyin/qanda.htm>.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2008). *Composition of macro geographical (continental) regions, geographical sub-regions, and selected economic and other groupings*. Sótt 15. júlí 2009 af <http://unstats.un.org/unsd/methods/m49/m49regin.htm>.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2006, 22. september). *Sport for development and peace: The way forward*. Allsherjarráð Sameinuðu þjóðanna. Skjal A/61/373. Sótt 29. júlí 2009 af <http://www.un.org/sport2005/resources/statements/N0653114.pdf>.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2003). *Sport for development and peace: Towards achieving the Millenium development goals*. Sótt 10. júlí 2009 af <http://www.un.org/themes/sport/reportE.pdf>.
- Sandford, R. A., Armour, K. M. og Warmington, P. C. (2006). Re-engaging disaffected youth through physical activity programmes. *British Educational Research Journal*, 3, 251-71.
- Seefeldt, V. og Ewing, M. (2002). Youth sports in America: An overview. President's council on physical fitness and sport. *Research Digest* 2, 1-10.
- Shields, D. L. og Bredemeier, B. J. (1995). *Character development and physical activity*. Champaign, IL: Human Kinetics.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Stefán Jón Hafstein. (2009). *Kraftaverkahjúkkur*. Sótt 12. maí 2009 af <http://www.stefanjon.is/default.asp?content=frettir&frId=3&id=431>.
- Stefán Ólafsson. (2006). Aukinn ójöfnuður á Íslandi. Áhrif stjórn mála og markaðar í fjölþjóðlegum samanburði. *Stjórn mála og stjórnsýsla*, 2, 29-156. Sótt 11. júlí 2009 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2006h/stefan.pdf>.
- Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009. (2005). Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.
- Steinberg, L. D. (1993). *Adolescence* (3. útg.). New York: McGraw-Hill.
- Steinunn Hrafnisdóttir (2006). Sjálfböðastörf á Íslandi. Þróun og rannsóknir. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 1, 45-56.
- Sugden, J. (2006). Teaching and playing sport for conflict resolution and co-existence in Israel. *International Review for the Sociology of Sport* 41, 221-240.
- Taylor S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research: A guidebook and resource*. (3. útg.). USA: John Wiley & Sons Inc.
- Truman, H. S. (1949, 20. janúar). *Setningarræða*. Sótt 11. júlí af http://avalon.law.yale.edu/20th_century/truman.asp.
- UNICEF. (2005). *Children living in poverty*. Sótt 15. júlí 2009 af <http://www.unicef.org/sowc05/english/poverty.html>.
- Van Eekeren, F. (2006). Sport and development: Challenges in a new arena. Í Y. Auweele, C. Malcolm og B. Meulders (Ritsjtj.), *Sport and development*. Leuven, Belgium: Lannoo Campus.
- Voyle, J. (1989). Adolescent administration of a leisure centre: Lessons for sports organizations. *New Zealand Journal of Sports Medicine*, 17, 31-4.
- Willis, O. (2000). Sport and development: The significance of Mathare youth sports association. *Canadian Journal of Development Studies*, 21, 825-849.
- Þróunarmálastofnun SP. (2008a). *Statistics of the human development report*. Sótt 15. júlí 2009 af <http://origin-hdr.undp.org/en/statistics/>.
- Þróunarmálastofnun SP. (2008b). *Can the gross domestic product per capita be used to measure human development instead of the HDI?* Sótt 11. júlí 2009 af <http://hdr.undp.org/en/statistics/indices/hdi/question,71,en.html>.

- Próunarmálastofnun SP. (2008c). *The Human Development Index*. Sótt 11. Júlí 2009 af <http://hdr.undp.org/en/humandev/origins/>.
- Próunarmálastofnun SP. (2008d). *Fighting climate change: Human solidarity in a divided world*. Sótt 15. júlí 2009 af <http://hdr.undp.org/en/reports/global/hdr2007-2008/>.
- Próunarmálastofnun SP. (2008e). *The Human development concept*. Sótt 11. júlí 2009 af <http://hdr.undp.org/en/humandev/>.
- ÞSSÍ. (2009, 21. júlí). *Tuttugu ára þróunarsamvinnu Íslendinga í Namibíu að ljúka*. Sótt 12. ágúst 2009 af <http://www.iceida.is/frettir/nr/1012>.
- ÞSSÍ. (2008). *Ársskýrsla*. Reykjavík: ÞSSÍ.
- ÞSSÍ. (2006). *Support to the implementation of Kalangala district development program – KDDP*. Reykjavík: ÞSSÍ.
- ÞSSÍ. (1991). Titill greinar vantar. *Fréttabréf um þróunarmál*, 9, bls. vantar.
- ÞSSÍ. (1990). Að vinna traust í Afríku. *Fréttabréf um þróunarmál*, 7, 5.
- ÞSSÍ. (1988). Handbolti í Afríku. *Fréttabréf um þróunarmál*, tölubl. vantar, 5-6.